k kjarninn
39. útgáfa – 15. maí 2014 – vika 20



SKULDIRNAR FJARLÆGÐAR

+ „Leiðréttingin“ tryggði útvöldum arðbær verkefni

+ LÍÚ vildi ekki að Þórólfur fengi að sjá skuldir útgerða

+ Margrét Erla Maack skrifar um hið svo-kallaða skrun

39. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

15. maí 2014 – vika 20



VIÐSKIPTI

Talsmaður Auroracoin í Bandaríkjunum segir Ísland góða tilraunastofu fyrir rafmyntir



EFNAHAGSMÁL

LÍÚ sendi bréf og vildi ekki að Þórólfur fengi að sjá skuldir útgerða



SJÓNVARP

Hvetur frumkvöðla til að leita út fyrir vinahópinn

Mikill kostnaður vegna skuldaniðurfellingar

Þau verk sem þarf að vinna vegna framkvæmdar skuldaniðurfellingar kosta hundruð milljóna króna.

Munur á milli stærstu flokka innan vikmarka

Samfylking og Sjálfstæðisflokkur eru bæði með fimm menn inni í Reykjavík samkvæmt kosningaspá.

Er aukinn ójöfnuður eina framtíðin?

Katrín Jakobsdóttir alþingismaður skrifar dóm um bók Thomas Piketty; Auðmagnið á 21. öld.

Allt sem skipti máli í ensku deildinni

Kjarninn fer yfir dramatískasta tímabil ensku deildarinnar í manna minnum.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

MADE BY SWEDEN

- VOLVO XC60 OG ZLATAN -

Svíþjóð, líkt og Ísland, er land andstæðna. Þar tekst ljósið á við myrkrið.
Stórbrotið landslag, langar vegalengdir, snjór, rigning og ís.
Þetta er heimili Volvo XC60. Bíll sem er byggður fyrir ólíkar aðstæður.
Upplifðu einstaka hönnun og skandinavískan lúxus.

KYNNTU ÞÉR NÝJAN OG ÖFLUGRI VOLVO XC60



VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.790.000 KR.
VOLVO.IS

KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO XC60 AWD MEÐ NÝRRI OG ÖFLUGRI DÍSILVÉL MEIRA AFL, AUKIN SPARNEYTNI OG ENN SKEMMTILEGRI Í AKSTRI

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO_2 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



LEIÐARI
Ægir Þór Eysteinsson

Boðberi réttra viðhorfa

Ægir Þór Eysteinsson dásamar sigurvegara Eurovision og viðurkennir að hafa verið frekar glataður.

Skeggjaður maður í kjól rústaði Eurovision um síðustu helgi. Hann rústaði auðvitað ekki keppninni bókstaflega, eða gjörvallri Evrópu eins og hatursmenn hans fullyrða að sé í aðsigi, heldur vann hann söngvakeppnina með fádæma yfirburðum. Hann var glæsilegur, einkar vel til hafður, og söng sigurlagið af stakri prýði, sem mér fannst reyndar ekki skemmtilegt lag. En það skiptir auðvitað engu máli, því ég gæti ekki verið ánægðari með úrslitin.

Með fullri virðingu fyrir sigurlaginu leyfi ég mér að efast um að lagasmíðin hafi ráðið úrslitum. Það er mín skoðun, en ég gæti alveg haft rangt fyrir mér. Ég held að Conchita Wurst hafi rústað Eurovision af því að hún opnaði augu og vakti athygli á kreddunum sem búa í mörgum okkar. Og fyrir einmitt það þökkuðu íbúar Evrópu henni með því að krýna hana sem sigurvegara.

Ég viðurkenni nefnilega, með trega þó, að Conchita kom

mér spánskt fyrir sjónir í fyrsta skiptið þegar ég sá hana eitt kvöldið í upphitunarþættinum Alla leið sem sýndur var á RÚV í aðdraganda Eurovision-keppninnar. Þarna blasti við mér sjón sem ég átti ekki að venjast, alskeggjuð kona í glæsilegum kjól, og ég vissi hreinlega ekki alveg hvað mér ætti að finnast. Auðvitað hef ég oft séð karla í draggi, en skeggið gerði útlit hennar þeim mun áhrifameira.

Nokkrum sekúndubrotum síðar áttaði ég mig á því að mér ætti bara ekki að finnast neitt annað en að þetta væri fullkomlega eðlilegt allt saman og í stakasta lagi og brosið skreið fram.

„Þessi auto-pilot stilling getur farið alveg hrikalega í taugarnar á mér. Ég sem lít á mig sem svo opinn og nútímalega þenkjandi uppalanda.“

Um leið gerði ég mér grein fyrir hvernig staðalímyndir og hugmyndir um hlutverk kynjanna hafa smeygt sér inn í höfuðkúpuna og tekið sér bólfestu án þess að ég hafi nokkru sinni boðið þeim að kíkja í kaffi. Þessi auto-pilot stilling getur farið alveg hrikalega í taugarnar á mér. Ég sem lít á mig sem svo opinn og nútímalega þenkjandi uppalanda.

Gleðin sem ég fann þegar ég uppgötvaði hvað ég er ekki nógu víðsýnn heldur forpokaður breytist fljótlega í leiða. Ég varð leiður yfir því að hafa látið Conchitu setja mig út af laginu. Ég áttaði mig á því hvað það var fáránlegt, og satt best að segja skammaðist ég mín.

Ég sat eins og þorri landsmanna límdur við sjónvarpsskjáinn, ásamt fjölskyldunni, á milli þess sem ég stökk út á svalir og kíkti á hamborgarana brenna á gasgrillinu. Við skemmtum okkur konunglega saman yfir keppninni og misjöfnu lögunum. Ekkert lag var frábært, nokkur lög voru þokkaleg en flest þeirra hræðileg. Sviðsframkoma pólsku stúlknanna varpaði hins vegar skugga á annars skemmtilega kvöldstund, þar sem þær kepptust við að snara atkvæði Evrópubúa í flegnum búningum með nektina að vopni. Ég leyfi mér að efast stórlega um að þær hafi teiknað búningana sína sjálfar.

Mín upplifun af Conchitu, fyrst furða, svo uppljóstrun, gleði og sorg, er því miður ekki sama upplifun og hatursmenn hennar upplifðu. Þeir forhertust öllu heldur í hatrinu, hommafælninni og fordómunum. Þeir eru brjálaðir út í hana fyrir að reyna að raska heimsmyndinni þeirra, sem þeim finnst ekkert annað en eðlilegt og sjálfsagt að þröngva upp á aðra og þá oft og tíðum með ofbeldi.

Rússneski vitfirringurinn Vladimír Zhirinovskí, sem vildi eitt sinn breyta Íslandi í fanganýlendu, fordæmdi til að mynda Conchitu og sagði hana marka upphaf endaloka Evrópu. Aðrir, sem mig minnir að hafi aðallega verið Rússar líka, hafa sömuleiðis drullað yfir keppnina og Conchita hefur fengið sinn skerf af forheimskunni. Sumir hafa meira að segja gengið svo langt að saka áhorfendur í keppnishöllinni í Kaupmannahöfn um vanvirðingu í garð keppenda Rússlands. Á sama tíma og þeir opinbera fordómasýkt höfuð sín kvarta þeir undan því að áhorfendur sýni atriði frá landi sem lemur á hinsegin fólki vanþóknun. Hræsni.


Rússnesku hatursmennirnir virðast hins vegar sem betur fer nokkuð einangraðir í afstöðu sinni, sé mið tekið af því hvernig Evrópa tók Conchitu opnum örmum. Það er sterk vísbending um að við séum á réttri leið.

Conchita opnaði augu mín, og fyrir það er ég þakklátur. Ætlun mín með þessum skrifum er ekki að fordæma þá sem ekki sáu ljósið og stóðu naktir frammi fyrir fordómum sínum eða hugmyndum um stöðu og hlutverk kynjanna. Það er of stór pöntun að ætlast til að allir breytist til hins betra eða að allir verði umburðarlyndir gagnvart fjölbreytileika tilverunnar. Hins vegar er ekki til of mikils mælst að við séum öll alltaf meðvituð um að við getum breyst til hins betra. Að við tökum breytingum fagnandi, og hvetjum fólk til að koma út úr skelinni frekar en að hanga þar inni hrætt við fólk sem nennir ekki að breytast.

Oft þarf ekki meira til en skeggjaða konu til að opna augu manns. Ég held nefnilega að Conchita sé boðberi réttra viðhorfa.

Er heimsmyndin í molum?

Á verkstæði Macland færðu nýjan skjá og línurnar skýrast.



Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | hjalp@macland.is | **macland.is**

macland

Sextán milljarða króna eftirgjöf

Fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð fengu eftirgjöf skulda upp á hátt í sextán milljarða króna á árunum 2010 til 2012. Fimm fyrirtæki fengu meira en milljarð króna í skuldaeftirgjöf.



EFNAHAGSMÁL
Ægir Þór Eysteinsson
@aegireysteins

Samkvæmt ítarlegri rannsókn Kjarnans nam eftirgjöf skulda hjá fyrirtækjum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hátt í sextán milljörðum króna á árunum 2010 til 2012. Rannsókn Kjarnans náði til upplýsinga sem fram koma í ársreikningum félaga sem falla undir byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð samkvæmt ÍSAT atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins sem innleidd var hér á landi árið 2008, og skiluðu ársreikningum á umræddu tímabili. Félögin sem um ræðir eru á þriðja þúsund talsins.

Starfsemi þeirra er margþætt og mismunandi; þau annast allt frá þróun byggingarverkefna, byggingu íbúða- og atvinnuhúsnæðis, brúarsmíði og jarðgangagerð, uppsetningu innréttinga, vegagerð og annan frágang bygginga. Upptalningin er hvergi nærri tæmandi, enda geirinn víðfeðmur og ýmis smásölufyrirtæki með byggingarvöru sem þjónusta byggingargeirann ekki höfð með í reikningnum.

Hinn mikli fjöldi einkahlutafélaga í geiranum er til marks um mikinn uppgang í greininni árin fyrir bankahrunið og hefur töluvert kennitöluflakk verið viðloðandi geirann á undanförnum misserum.

Rannsókn Kjarnans náði einvörðungu til félaga sem skiluðu inn ársreikningum fyrir ofangreind ár til Ríkisskattstjóra. Því má ætla að þau séu enn fleiri, enda trassa mörg félög að skila inn ársreikningum jafnvel svo árum skiptir.

Um fjörutíu milljarðar tapaðir

Eins og fyrr segir hefur rannsókn Kjarnans leitt í ljós að félög í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð fengu tæplega sextán milljarða króna skuldaeftirgjöf á árunum 2010 til 2012. Eftirgjafirnar má ýmist skýra sem beinar afskriftir, endurútreikning ólögmætra gengislána eða að skuldum viðkomandi fyrirtækja hefur verið breytt í hlutafé.

Eftir að Húsasmiðjan lenti í eigu kröfuhafa sinna eftir bankahrunið var skuldum félagsins upp á 11,2 milljarða króna breytt í nýtt hlutafé eftir bankahrunið.

Byggingarvörufyrirtækið Mest ehf. fór ævintýralega á hausinn skömmu fyrir bankahrun, en kröfur í þrotabúið námu ríflega þremur milljörðum króna. Með hliðsjón af ofangreindu, 7,6 milljarða króna gjaldþroti BM Vallár árið 2010 og upplýsingum Kjarnans úr ársreikningum fyrirtækja í byggingar- og mannvirkjageiranum má áætla að hátt í fjörutíu milljarðar króna hafi tapast á fyrirtækjum í geiranum í aðdraganda bankahrunsins og árin á eftir.

Meira gæti tapast vegna Húsasmiðjunnar

Sérstakur saksóknari hefur ákært þrettán starfsmenn Byko og Húsasmiðjunnar fyrir brot á samkeppnislögum. Um er að ræða meint verðsamráð starfsmanna Byko og Húsasmiðjunnar á árunum 2010 og 2011, meðal annars í tengslum við útboðsgerð, og tilraunir þeirra við að koma á verðsamráði við Múrbúðina.

„Eftirgjafirnar má ýmist skýra sem beinar afskriftir, endurútreikning ólögmætra gengislána eða að skuldum viðkomandi fyrirtækja hefur verið breytt í hlutafé.“

Framtakssjóður Íslands seldi Húsasmiðjuna til Bygma í lok árs 2011. Samkvæmt sölusamningnum hélt sjóðurinn eftir ábyrgð á tveimur mögulegum skuldbindingum gagnvart íslenskum yfirvöldum, sem urðu til áður en Framtakssjóðurinn eignaðist Húsasmiðjuna. Annars vegar er þar um að ræða mögulega sekt vegna meintra samkeppnislagabrota sem nú hefur verið ákært fyrir, að hluta að minnsta kosti, og mögulega endurálagningu opinberra gjalda vegna meintra skattalagabrota sem rekja má til samruna eignarhaldsfélaga við Húsasmiðjuna á árunum 2003 til 2006.

Til þessa hefur Framtakssjóður Íslands þurft að reiða fram hátt í sjö hundruð milljónir króna vegna endurálagningar opinberra gjalda vegna skattalagabrota, sem fólst í áðurnefndu samkomulagi. Til viðbótar kemur mögulega sekt vegna samkeppnislagabrotanna sem Sérstakur saksóknari hefur nú ákært fyrir.

Embættið rannsakar þátt einstaklinganna sem um ræðir í meintum samkeppnislagabrotum, og Samkeppniseftirlitið

Eirberg



Engin málamiðlun
bakið þitt á skilið það besta





.3Dee
Active Office Chair

Kynnum nýjan meðlim Swopper fjölskyldunnar
3Dee skrifstofustólinn sem fylgir hreyfingum líkamans

Virkni – bak og kviðvöðvar eru í stöðugri virkni meðan þú situr
Hreyfing – hreyfanleg undirstaða hvetur til hreyfinga upp, niður og í allar áttir
Slökun – stillanlegur bakstuðningur veitir góðan stuðning án þess að takmarka hreyfingar
Hvatning – kúpt seta með svæðaskiptri bólstrun og góðri öndun hvetur til góðrar setstöðu

Verð: 169.750 kr.

Life in Motion aeris

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Lægð í byggingageiranum
Teikn eru á lofti um að ástandið í byggingageiranum sé að glæðast eftir heldur mögur ár í kjölfar bankahrunsins.

rannsakar aðgerðir fyrirtækjanna. Slík brot varða fyrirtæki meðal annars stjórnvaldssektum.

Lífvana fyrirtækjum haldið á lífi í erfiðu árferði

Það vekur óneitanlega athygli að fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hafi fengið hátt í sextán milljarða króna skuldaeftirgjöf á árunum 2010 til 2012, sé litið til þeirrar miklu lægðar sem hefur verið ríkjandi í geiranum frá bankahruni.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2012; Endurreisn fyrirtækja – aflaklær eða uppvakningar, útlistaði eftirlitið áhyggjur sínar af því að lífvana fyrirtækjum í samkeppnisrekstri væri haldið lifandi af lánardrottnum sem fengu þau í fangið eftir efnahagshamfarirnar.

Í skýrslunni segir orðrétt: „Meðal þeirra skilyrða sem Samkeppniseftirlitið hefur almennt sett bönkunum við yfirtöku þeirra á fyrirtækum er að eðlileg arðsemiskrafa sé eftir sem áður gerð til fyrirtækjanna við yfirtökuna. [...] Skilyrði um arðsemiskröfu er einkum ætlað að draga úr hættu á að bankar fjármagni kostnaðarsama markaðssókn sem geri hinu yfirtekna fyrirtæki kleift að sölsa undir sig aukna markaðshlutdeild á viðkomandi markaði og jafnvel

ryðja keppinautum fyrirtækisins úr vegi. Með öðrum orðum er með þessu skilyrði leitast við að fyrirbyggja að bankar freistist til þess að hámarka virði fyrirtækja út frá væntanlegri fákeppnisstöðu og fákeppnishagnaði sem er sóttur með því að víkja til arðsemissjónarmiðum tímabundið til hliðar með langtímamarkmið um fákeppni að leiðarljósi.“

Fyrirtæki í samkeppnisrekstri sem ekki fóru í fangið á lánardrottnum sínum og hafa neyðst til að hagræða til að halda sjó hafa kvartað undan því að áhyggjur Samkeppniseftirlitsins hafi raungerst. Tap í greininni árið 2011 nam um 1.900 milljónum króna og um 1.700 milljónum króna árið eftir.

Í skýrslu eftirlitsnefndar til efnahags- og viðskiptaráðherra um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sem skilað var í september árið 2011, kom fram að fjögur verktaka- og byggingarfyrirtæki hefðu fengið tæplega 27 milljarða króna skuldaeftirgjöf. Þá miðaðist talan við stöðuna 30. júní 2011.

Páll Gunnar Pálsson
Forstjóri Samkeppniseftirlitsins hefur lagt áherslu á að bankar láti ekki arðsemissjónarmið ráða för við yfirtöku á fyrirtækjum.



Fimm fyrirtæki fengu meira en milljarð í eftirgjöf

Á umræddu tímabili, árin 2010 til 2012, var fyrirtækjum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð veitt skuldaeftirgjöf í 142 tilfellum. Meðalfjárhæð skuldaeftirgjafarinnar var tæplega 109 milljónir króna.

Samkvæmt rannsókn Kjarnans fengu fimm fyrirtæki milljarð króna eða meira í eftirgjöf á tímabilinu. Félagið Stekkjarbrekkur ehf. fékk 3,3 milljarða króna eftirgjöf skulda árið 2011, einkahlutafélagið Ásver fékk 1,6 milljarða króna eftirgjöf skulda árið 2010 og skuldir Blikastaða ehf. voru gefnar eftir fyrir 1,7 milljarða króna árið 2011. Þá fékk einkahlutafélagið Seljavegur ehf., 1,3 milljarða króna skuldaeftirgjöf árið 2011 og félagið Klettás-Fasteignir ehf. fékk 1,2 milljarða króna skuldaeftirgjöf árin 2011 og 2012.

Borgaraleg og siðferðisleg skylda að stíga fram

Þrjár konur sem starfa innan háskólasamfélagsins telja það vera hluta af starfi sínu að taka þátt í þjóðfélagsumræðu.



Björn Gíslason

Kjarninn hefur að undanförnu fjallað um skilyrði íslensks háskólafólks til þátttöku í samfélagslegri umræðu, en í ljós kemur að hluti háskólamanna veigrar sér við að taka þátt í umræðunni vegna ótta við viðbrögð valdafólks. Kjarninn leitaði til þriggja kvenna innan íslenska háskólasamfélagsins sem hafa látið að sér kveða í opinberri umræðu á síðustu árum og misserum og ræddi við þær um reynslu þeirra og skilyrði íslensks háskólafólks til þátttöku í slíkri umræðu.

„Ég held að ég sé að upplagi enginn uppreisnarseggur en náttúruverndarmál hafa alltaf brunnið á mér. Ég hef gengið fram og tjáð mig þegar mér hefur fundist ég vera knúin til þess. Ég hef reynt að gæta þess að gera það bara þar sem ég hef þekkingu frá fyrstu hendi, þegar mér finnst mér bera skylda til að leiðrétta rangfærslur sem hafa komið fram eða slagsíða er á umræðunni og almenningur ekki upplýstur með réttum hætti," segir Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands, sem hefur mætt töluverðu andstreymi eftir að hafa tjáð sig um náttúruverndar- og virkjanamál.

Oft er sagt að háskólamenn hafi borgaralegar skyldur til þátttöku í samfélagslegri umræðu. „Hluti af því að fara inn í háskólasamfélagið er að hafa möguleika til að hafa áhrif með einhverjum góðum hætti á samfélagið í heild, bæði í gegnum nemendur og opinbera umræðu," segir Þóra Hallgrímsdóttir, sem starfað hefur sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík undanfarin þrjú ár og meðal annars ritað pistla um lögfræðileg málefni í Kjarnann.

Þóra Ellen telur að vísindamenn sem búa yfir tiltekinni þekkingu hafi siðferðilega skyldu til að stíga fram, sem spretti meðal annars af því að flestir vísindamenn hafi ákveðna ástríðu og virðingu gagnvart viðfangsefni sínu. „Svo tel ég líka að við sem störfum í opinberum háskólum, rannsökum fyrir opinbera styrki, séum í raun og veru í vinnunni á kostnað skattborgaranna, höfum líka upplýsingaskyldu gagnvart almenningi," segir Þóra Ellen.

Ekki í pólitík

Guðrún Johnsen, lektor í fjármálum við Háskóla Íslands, hefur vakið athygli fyrir nýja bók sína „Bringing Down the Banking System: Lessons from Iceland“, þar sem farið er ítarlega yfir orsakir hrunsins. Hún hefur verið óhrædd að rifja upp í fjölmiðlum hvað fór úrskeiðis í hruninu en segist velja vel hvaða mál hún tjái sig um. „Þegar eftir því var leitað fannst mér t.d. það vera borgaraleg skylda mín að benda á það, áður en Landsdómsmálið fór í atkvæðagreiðslu, að það var raunverulega hægt að forða tapi með aðgerðum en ráðamenn þjóðarinnar gerðu ekki neitt þegar áhlaup var gert á Landsbankann í lok mars 2008,“ segir Guðrún og rifjar upp að ummæli hennar í viðtali þessa efnis hafi valdið nokkru fjaðrafoki á sínum tíma.

„Ég held ekki með neinum stjórnmálaflokki og ef ég hef eitthvað að segja vil ég frekar að það birtist á miðli sem er ekki skilgreindur sem pólitískur.“

Þóra Ellen segist hafa verið beðin um að tjá sig um ýmislegt sem snúi að umhverfismálum. „En ég hef dregið línuna við ákveðinn hluta náttúruverndarmála og ég vil meina, þó með einni undantekningu kannski, að ég hafi eingöngu tjáð mig sem fræðimaður innan míns fræðasviðs,“ segir Þóra. Hún bætir við að háskólafólki sé þannig á vissan hátt afmarkaður einn bás, sem sé ekki endilega sanngjarnt því hver manneskja hafi fleiri en eina rödd og eina skoðun. „En raunveruleikinn er einhvern veginn sá að á þessum vettvangi hættir maður trúverðugleika sínum sem fræðimaður ef maður fer að tjá sig um mjög óskyld mál. Þá er búið að stimpla að maður sé í pólitík, sem ég hef stundum verið sökuð um og tel að sé ákaflega ósanngjörn ásökun. Ég hef aldrei verið í pólitík,“ segir Þóra Ellen. Í sama streng tekur nafna hennar, Þóra Hallgrímsdóttir, sem segir: „Ég held ekki með neinum stjórnmálaflokki og ef ég hef eitthvað að segja vil ég frekar að það birtist á miðli sem er ekki skilgreindur sem pólitískur.“

Háskólinn á Akureyri

Framhaldsnám í háskólabænum Akureyri

Háskóli er ekki aðeins hús, ekki aðeins upplýsingar og fræðsla. Háskóli er samfélag. Skemmtilegur félagsskapur. Alvöru nám.

Smelltu á þína leið:

- **Rannsóknartengt meistaranám í auðlindafræðum MS**
- **Rannsóknartengt meistaranám í félagsvísindum MA**
- **Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum MS**
- **Heimskautaréttur (Polar Law) LLM/MA**
- **Rannsóknartengt meistaranám í viðskiptafræði MS**
- **Lögfræði ML**
- **Menntavísindi MA**
- **Menntunarfræði MEd**





Raunveruleg hætta
Guðrún Johnsen segir að það sé raunveruleg hætta á þáttaka í umræðu hafi áhrif á stöðu viðkomandi sem fræðimanns.

Hikað vegna hita í umræðunni

Í könnun sem gerð var meðal háskólamanna á Íslandi og Kjarninn greindi frá kemur fram að hluti háskólafólks hiki við að taka þátt samfélagsumræðunni vegna ótta við valdafólk í samfélaginu og hörku í umræðunni. Þóra Ellen þekkir það vel í gegnum þátttöku sína í náttúruverndarumræðu tengdri Þjórsárverum, Norðlingaölduveitu og Kárahnjúkavirkjun, ekki síst á árunum 2001–2003. Gagnrýni hennar á matsskýrslur vegna beggja virkjana hafi kallað fram harkaleg viðbrögð, bæði frá stjórnmálamönnum og hagsmunaaðilum eins og Landsvirkjun. Aðspurð segist hún hafa fengið hótanir á þessum tíma „en ég var ekki beitt þrýstingi um að breyta neinu sem ég hafði skrifað um Þjórsárver. En stjórnarformaður Landsvirkjunar á þeim tíma, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, kom meðal annars fram og sagði að ég hefði glatað vísindamannsheiðri mínum með þessum afskiptum af umræðunni," rifjar Þóra Ellen upp.

Guðrún bendir í þessu samhengi á grein sem hún skrifaði og birtist í Viðskiptablaðinu í mars 2007 þegar hún var lektor við Háskólann í Reykjavík. Þar varpaði hún fram efasemdum um nýtt lánshæfismat matsfyrirtækisins Moody´s fyrir íslensku bankana og stöðu Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara. „Mér var allri lokið og gat ekki ekki þagað um þetta," segir Guðrún og bætir við: „Það voru stórar fyrirsagnir í greininni. „Bankarnir of stórir til að falla! Bankarnir of stórir til að bjarga?" Í ljósi andrúmsloftsins sem

ríkti í samfélaginu hafi hún þurft að hugsa sig verulega um hvort hún ætti að senda hana inn. „Ég man að það var töluverður titringur í mér. Ég hélt að Kaupþing yrði brjálað og ég fengi Sigurð Einarsson á línuna og í fjölmiðlum að gera lítið úr mér sem háskólakennara. En það bara heyrðist ekkert," segir Guðrún.



Beinskeytt
Þóra Hallgrímsdóttir hefur ritað beinskeytta pistla þar sem kastljósinu hefur verið beint að berjendum sakborninga í efnahagsbrotum.

Hún bætir við að þegar háskólamenn tjái sig um hitamál í samfélaginu sé raunveruleg hætta á að það hafi áhrif á stöðu viðkomandi sem fræðimanns. „Ég hef mætt mjög góðum skilningi Í Háskóla Íslands. Þegar bókin mín um bankahrunið kom út nýverið lét ég yfirmenn deildarinnar vita og sagði að það væri alveg klárt mál að einhverjir yrðu ósáttir við það. Ég spurði hvort þeir væru tilbúnir að styðja mig og svarið var: já, til þess erum við," segir Guðrún.

Þóra Hallgrímsdóttir hefur ritað beinskeytta pistla þar sem kastljósinu hefur meðal annars verið beint að verjendum sakborninga í efnahagsbrotamálum sem tengjast efnahagshruninu (linkur: http://kjarninn.is/rettarrikisspjaldid), en þeir hafa farið mikinn í fjölmiðlum um brot á réttindum skjólstæðinga sinna. Þóra segist ekki hafa velt því mikið fyrir sér hvort þetta gagnrýna sjónarhorn kynni að kalla á hörð viðbrögð. „Í skrifum mínum reyni ég að sýna að það séu nokkrar hliðar og setja hið gagnrýna ljós á einhver viðfangsefni og þá ekki endilega þannig að ég sé með brennandi afstöðu í málinu heldur til að fá fólk til að hugsa og skoða ólík sjónarhorn. Í þessu tilviki fannst mér ég þurfa að benda á hvernig lögmenn í þessum málum tjá sig um þau miðað við önnur mál, en hægt er að færa rök fyrir ákveðinni PR-mennsku í kringum þessi mál þótt lögmennirnir séu kannski ekki endilega alveg á því. Og það er eðlilegt að ólík sjónarmið séu á lofti," segir Þóra.

Ekki þægilegt þegar mikið gengur á

Bæði Þóra Ellen og Guðrún segjast þekkja dæmi þess að fólk úr háskólasamfélaginu hætti sér ekki út í umræðuna. „Sumir hætta sér ekki út í umræðuna vegna þess að þetta er ekkert þægilegt þegar mikið gengur á," segir Þóra Ellen um fræðasvið sitt. Guðrún segist reyna að hvetja þá starfsfélaga sína sem hafi áhugaverðar rannsóknarniðurstöður fram að færa til að láta í sér heyra. „Mér finnst það vera hluti af starfi mínu að miðla rannsóknum og þekkingu til almennings," segir hún.

Þóra Hallgrímsdóttir bendir á að þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera geti verið einn liður í framlagi háskólafólks til samfélagsins og samfélagslegrar umræðu. „Fræðimenn í lögfræði sitja til dæmis í ýmsum nefndum eða starfshópum, jafnvel þar sem verið er að taka afstöðu til einhvers mikilvægs samfélagsmáls eða móta löggjöf," segir hún en bendir jafnframt á að greina verði á milli háskólamannsins og nefndarmannsins þegar komið sé í opinbera umræðu um þau mál. „Það er sú meðvitund, sem mér finnst alla jafna að fólk verði að hafa, að maður geri grein fyrir hagsmunatengslum sínum ef hagsmunatengsl skal kalla."



Þekkir dæmi
Þóra Ellen Þórhalsdóttir þekkir dæmi úr háskólasamfélaginu þar sem fólk hættir sér ekki út í umræðuna.

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

CUBE COMPRESSPORT VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY CRAFT GARNEAU BROOKS



Louis Garneau



GARNEAU
LG JAKKI 12.990kr



GARNEAU
LG Skóhlífar 8.990kr



GARNEAU
LG Buxur 23.990kr



GARNEAU
LG Hanskar 9.990kr



Louis Garneau hjálmarnir eru komnir!
"Mid-range in price but high-end in looks, airflow and comfort"
BIKERADAR.COM



WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

Sérfræðingar utan háskólanna jafnvel í verri stöðu

Velta má fyrir sér hvort hægt sé að bæta skilyrði háskólafólks til þátttöku í samfélagsumræðunni. Guðrún telur mikilvægt að háskólafólk finni fyrir stuðningi þeirra sem standa næst þeim í háskólasamfélaginu. Það hafi hún fundið í tengslum við útgáfu bókarinnar fyrr á árinu. „Bókin er á ensku og upphaflega ætlaði ég ekkert að tala neitt um hana á Íslandi en vinkona mín innan háskólans sagði að ég yrði að ræða um þetta við fjölmiðla, það liti bara illa út ef ég veigraði mér við að tala um þetta. Og ég fylgdi eiginlega ráðum hennar í því."

Þóra Ellen segir ekkert sérstaklega hlúð að fólki sem kjósi að láta í sér heyra og ekki sé endilega æskilegt að háskóla-yfirvöld fari að beita sér sérstaklega í þágu þess. Hún bendir jafnframt á að háskólafólk sé að mörgu leyti í betri aðstöðu til að tjá sig en margir aðrir samfélagshópar, til að mynda sérfræðingar utan háskólanna. „En okkur er þannig líka gefið töluvert mögulegt vald og það er mikilvægt að við förum vel með það. Við verðum að passa að við förum rétt með og við getum alltaf staðið við það sem við segjum," segir Þóra Ellen að lokum.



Skelfingu lostnir yfir Þórólfi

Útgerðarmenn höfðu miklar áhyggjur af því að Þórólfur Matthíasson prófessor sæti í eftirlitsnefnd um skuldaaðlögun. Framkvæmdastjóri LÍÚ sendi formanni nefndarinnar bréf þess efnis.

EFNAHAGSMÁL
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Friðrik J. Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ), sendi Maríu Thjell, forstöðumanni Lagastofnunar Háskóla Íslands og formanni eftirlitsnefndar um skuldaniðurfellingar í bankakerfinu, tölvubréf þar sem hann lýsti yfir áhyggjum útgerðarmanna af því að Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, væri í aðstöðu til þess að skoða rekstur útgerðarfyrirtækja ofan í kjölinn. Þórólfur var í nefndinni ásamt Maríu og Þóri Ólafssyni.

„Hvað þarf að gera til að verjast því?“

Í bréfinu sem Friðrik sendi Maríu, með afriti á stjórn og varastjórn LÍÚ auk fjölda útgerðarmanna, lýsir hann því fyrir Maríu að útgerðarmenn treysti Þórólfi ekki. Í bréfinu, sem Kjarninn hefur undir höndum, kemur fram að einn útgerðarmanna hafi haft samband við Friðrik, eftir að hafa hlustað á Maríu flytja erindi um starf eftirlitsnefndar um skuldaniðurfellingu samkvæmt lögum númer 107/2009, og sagt að hann gæti ekki til þess hugsað til þess að Þórólfur hefði aðgang að „öllum hans málum í bankanum“.

Í niðurlagi bréfsins spyr Friðrik að því hvernig sé hægt að „verjast“ því að Þórólfur komist í rekstrargögn útgerðanna.

TÖLVUPÓSTUR FRIÐRIKS J. ARNGRÍMSSONAR TIL MARÍU THJELL

María Thjell
formaður eftirlitsnefndar skv. lögum nr. 107/2009
Blessuð.

Við mig hafði samband útgerðarmaður sem hlýddi á erindi þitt í morgun. Honum til mikillar skelfingar þá lítur svo út að Þórólfur

Matthíasson muni hafa aðgang að öllum hans málum í bönkum. Það vill hann ekki að gerist.

Maður á vegum Þórólfs hefur nýverið beðið sjávarútvegsfyrirtæki um gögn um rekstur og efnahag þeirra en verið neitað.

Reynsla útgerðarmanna af meðferð Þórólfs á gögnum og framganga hans gagnvart sjávarútveginum hefur verið með þeim hætti að á störfum hans ríkir fullkomið vantraust.

Mér er kunnugt um að fleiri en þessi útgerðarmaður vilja ekki að Þórólfur komist í trúnaðargögn sem þá varðar í krafti setu sinnar í eftirlitsnefndinni skv. lögum nr. 107/2009.

Hvað þarf að gera til að verjast því?



Friðrik J. Arngrímsson
fyrrverandi framkvæmdastjóri LÍÚ



Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði við HÍ

Héldu ótrauð áfram

Bréfasendingar Friðriks til Maríu höfðu engin áhrif á vinnu eftirlitsnefndarinnar eða hvernig hún var mönnuð. Þórólfur sat áfram í nefndinni, en meginviðfangsefni hennar var að fylgjast með því að skuldaniðurfærsla innan hinna endurreistu banka væri í takt við verklagsreglur. Nefndin lauk formlega störfum þegar kjörtímabilinu lauk vorið 2013 þegar ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins tók við stjórnartaumunum. Nefndin hafði víðtækar heimildir til þess að afla gagna frá bönkunum og kortlagði hvernig bankarnir niðurfærðu lán, hversu mikið hlutfall hlutafjár þeir eignuðust við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og hvernig staðið var að málum almennt.

Þá fjallaði nefndin um aðgerðir fyrir skulduga einstaklinga og tók saman upplýsingar heildstætt úr bankakerfinu öllu um hvernig greitt væri úr erfiðri stöðu skuldara. Engar sértækar upplýsingar voru birtar í skýrslunum, þ.e. með nöfnum fólks eða fyrirtækja, heldur var einblínt á heildarmyndina, meðferð skulda yfir einum milljarði króna og slíkt.

Hraða endurreisninni

Markmið þessara laga sem nefndin starfaði eftir var að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi kæmist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar.

Sjávarútvegsfyrirtæki voru í betri stöðu en mörg önnur fyrirtæki eftir hrunið. Heildarskuldir sjö sjávarútvegsfyrirtækja sem bankarnir komu að endurskipulagningu á námu 30,3 milljörðum króna. Um 15 milljarðar af þeim voru felldir niður við endurskipulagningu, samkvæmt skýrslum eftirlitsnefndarinnar. Ekki í neinu tilfelli breytti banki skuldum í hlutafé og var sjávarútvegurinn eini geirinn sem eftirlitsnefndin fjallaði um í skýrslum sínum þar sem sú var raunin.

Tilraunastofa fyrir rafmyntir

Hallgrímur Oddsson hitti talsmann Auroracoin í Bandaríkjunum, David Lio. Hann segir Ísland vera góða tilraunastofu fyrir rafmyntir. Þær njóta sífellt vaxandi vinsælda sem fjárfestingarkostur á fjármálamörkuðum.

VIÐSKIPTI
Hallgrímur Oddsson

„Hversu magnað væri það ef allir í samfélaginu ekki aðeins vissu af ákveðinni rafmynt, heldur ættu eitthvað af henni líka? Mér fannst hugmyndin frábær," segir Bandaríkjamaðurinn David Lio um hugmyndina að baki íslensku rafmyntinni Auroracoin, eða AUR. Á undanförnum mánuðum hefur hann lagt sitt á vogarskálarnar til að auka hróður myntarinnar. Meðal annars heldur hann úti heimasíðunni auroracoin.com og hefur kynnt aurana á ráðstefnum vestanhafs tileinkaðar rafmyntum.

David er búsettur í New York-borg, þar sem hann rekur lítið ráðgjafarfyrirtæki að nafni CoinHeavy. Það sérhæfir sig í svokölluðum rafmyntum eða dulkóðunargjaldmiðlum (e. cryptocurrency). Frægust og jafnframt verðmætust rafmynta er Bitcoin en til eru hundruð mismunandi rafmynta. Auroracoin er sú fyrsta sinnar tegundar þar sem útdeiling myntarinnar byggir á landfræðilegum grunni. Aldrei áður hefur rafmynt verið dreift til íbúa á ákveðnu svæði, eins og raunin varð í mars þegar Íslendingar gátu sótt sinn skammt af aurum.

Hreifst af hugmyndinni

„Þegar ég fyrst sá tilkynninguna um Auroracoin á spjallborði um rafmyntir fannst mér hugmyndin afar áhugaverð. Samfélag þeirra sem fylgjast með, þróa og nota rafmyntir er fyrst og fremst á netinu. Spjallborðin eru full af afar tæknifærum einstaklingum og þar eru margir tilbúnir að aðstoða við verkefni sem tengjast rafmyntum," segir David þegar hann er spurður um kynni sín af Auroracoin. „En þegar maður ræðir við einstaklinga sem standa utan samfélagsins spyrja þeir oft sömu spurningarinnar: Hvernig er rafmyntunum dreift? Þá eru þeir ekki að spyrja um tæknilegu hliðina heldur hverjir það eru sem raunverulega eiga myntirnar í dag. Spurningin á rétt á sér. Núna þegar hugbúnaðurinn er til og er opinn öllum (e. open source) er afar áhugavert að huga frekar að dreifingarleiðunum. Ég vissi ekki mikið um Ísland. Því meira sem ég fræddist, þeim mun betur leist mér á landið sem

tilraunarvettvang rafmyntar þar sem allir fá sinn skammt ókeypis. Þannig sjáum við hvað gerist þegar heilt samfélag verður meðvitað um rafmynt.“

Hvers vegna eru rafmyntirnar orðnar svona margar? Gætu Íslendingar t.d. ekki bara notað Bitcoin í stað þess að nota eigin rafmynt, ef þeir vilja notast við slíkan gjaldmiðil á annað borð?

„Þegar ég sá fyrst tilkynninguna um Auroracoin á spjallborði um rafmyntir fannst mér hugmyndin afar áhugaverð.“

„Bitcoin er enn í þróunarferli (e. beta), rétt eins og allar aðrar rafmyntir. Bitcoin hefur reynst nokkuð vel en hver eining kostar hundruð dollara. Þegar sú er raunin eru fáir tilbúnir að prófa sig áfram (e. experiment) með myntina. Ef einhver gefur mér rafmynt er ég mun líklegri til þess að prófa mig áfram og gera frekari tilraunir við að nota hana. Ef ég tapa einhverju þá skiptir það litlu máli.“

David segir að þrátt fyrir að rafmyntirnar, notendahópurinn og markaðurinn í kringum þær hafi þróast afar hratt að undanförnu lifum við enn árdaga myntanna. Hann hvetur Íslendinga til að sækja sína aura og skipta hluta þeirra í aðrar rafmyntir eins og Bitcoin. „Þá fæst aðeins betri tilfinning fyrir raunverulegu virði myntarinnar. Það er hægt að nota Bitcoin við ótalmargt á netinu,“ segir hann.

RAFMYNTIR HJÁLPA ÞEIM SEM MINNST HAFA

„Í heiminum í dag er ekkert eins spennandi og [fyrirbærið] rafmyntir,“ segir David Lio. Hann starfaði áður við þróun gervigreindar en eftir að hafa fylgst með Bitcoin og framvindu rafmynta frá árinu 2011 stökk hann á vagninn í fyrra, flutti frá Kaliforníu til New York og stofnaði ráðgjafarfyrirtækið CoinHeavy. Meðal viðskiptavina hafa verið fjárfestar sem eiga í viðskiptum með ýmsa málma og hafa útvíkkað starfsemi sína á markaði með Bitcoin. Hann segir fjölmarga halda um Bitcoin af sömu ástæðu og þeir kaupa gull eða aðra málma, slíkar „vörur“ séu vörn (e. hedge) gegn gjaldmiðlum. David hefur jafnframt gefið starfskrafta sína við að aðstoða góðgerðarfélög, þannig að þau geti tekið við framlögum í rafmyntum. „Ég kann illa við að þegar þú gefur góðgerðarfélögum peningana þína skila þeir sér aðeins að hluta. Í Bandaríkjunum getur það verið heljarinnar pappírsvinna að senda peninga til slíkra félaga, jafnvel þótt upphæðin sé lág. Í dag höfum við þessa tækni, rafmyntir, þar sem þú getur sent peninga á örfáum sekúndum, svo lítið sem 25 sent ef þér þóknast svo, og upphæðin rennur öll til félagsins. Öll góðgerðarsamtök ættu að taka við rafmyntum í dag,“ segir hann. Þrátt fyrir að virði Bitcoin flökti gífurlega sé lítið mál að skipta myntinni samstundis í dollara eða annan gjaldmiðil. „Ég tel að rafmyntirnar hjálpi engum meira en þeim sem eiga hvað minnst í heiminum í dag.“

UMSLAG

LÁGMÚLI 5 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 533 5252 | WWW.UMSLAG.IS

ÖRYGGI
YKKAR ÖRYGGI
OKKAR ÁBYRGÐ

ER PRENTUN Á ÁRSSKÝRSLU FRAMUNDAN?

Við hjá Umslagi sérhæfum okkur í vinnslu á trúnaðargögnum.







- ISO 27001 vottun
- Svansvottun
- Framúrskarandi fyrirtæki 2013
- Prentun
- Pökkun
- Póstsendum
- 100% trúnaður

Fáðu tilboð
sími 533 5252
www.umslag.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

UMHVERFISVOTTAÐ FYRIRTÆKI

bsi. ISO/IEC 27001 Information Security Management
IS 594468

Kíktu á okkur á facebook.com/umslag

Uppsetning og hönnun Umslag

Baldur fer huldu höfði

Skapari Auroracoin notast við dulnefnið Baldur Friggjar Óðinsson. Það er ekki óalgengt að upphafsmenn rafmynta fari huldu höfði. Skemmst er frá því að segja að enn er ekki vitað hver fann upp Bitcoin, þrátt fyrir rannsóknarvinnu virtra fjölmiðla. David hefur átt í nokkrum samskiptum við Baldur og þegar hann er spurður hvort hann viti einhver frekari deili á Baldri er svarið stutt og laggott: „Ég hef ekki hugmynd.“

Hann segir nafnleynd Baldurs vera eina ástæðu þess að hann sjálfur hafi stigið fram og kynnt Auroracoin. „Það er mikilvægt að einhver geti komið fram opinberlega og sagt frá því hvað á sér stað á Íslandi. Samtímis efast ég um að Baldur ætti að opinbera sig, af sömu ástæðu og það er eflaust vond hugmynd fyrir Satoshi Nakamoto (dulnefni upphafsmanns Bitcoin) að stíga fram. Baldur heldur í dag einn um þúsundir lykla sem geyma Auroracoin. Jafnvel þótt hver eining sé aðeins nokkurra krónu virði eru þetta háar fjárhæðir. Í það minnsta myndi ég sjálfur ekki stíga fram undir þessum kringumstæðum. Kerfið er nýtt og fólk veit ekki ennþá hvað því á að finnast. En samkvæmt áætlun Baldurs verður búið að dreifa öllum aurum eftir um ár, kerfið verður þá algjörlega ómiðstýrt (e. decentralized) og engu máli skiptir hver Baldur raunverulega er, svo lengi sem ekki er um einhver ótrúleg fjársvik að ræða,“ segir David og bætir við að kerfið sé afar öruggt og gagnsætt.

HVAÐ ER AURORACOIN?

Íslenska rafmyntin Auroracoin, eða AUR, er búin til af einstaklingi eða hópi sem kallar sig dulnefninu Baldur Friggjar Óðinsson. Hinn 25. mars 2014 gátu allir Íslendingar sótt sér 31,8 AUR hver, með því að auðkenna sig ýmist með Facebook-síðu sinni eða SMS-skilaboðum. Til þessa hafa rúmlega 10% íslenskra kennitala verið auðkenndar og fengið úthlutað AUR.

Auroracoin er fyrsta rafmyntin sem dreift er til íbúa ákveðins svæðis. Þegar viðskipti hófust með myntina gagnvart öðrum rafmyntum, nokkru áður en hún var aðgengileg almenningi, rauk verðmæti hennar upp. Eftir að hún fór í dreifingu hefur verðið hríðfallið, frá um 1.500 krónum per AUR í um 50 krónur. Hver og einn getur sótt Auroracoin þrisvar, 31,8 AUR í seinn, á fjögurra mánaða fresti, samkvæmt áætlun Baldurs Friggjar. Að dreifingu loknu á kerfið að vera algjörlega ómiðstýrt.

Svindl eða sannleikur?

Auroracoin hefur hlotið sinn skerf af gagnrýni og ásökunum um svindl, bæði í samfélagi þeirra sem fylgjast grannt með rafmyntum og frá almenningi. Til að mynda bloggaði þingmaðurinn Frosti Sigurjónsson og sagði miklar líkur á að um svindl væri að ræða. Seðlabanki Íslands sendi frá sér tilkynningu og varaði við þeirri áhættu sem fylgt gæti „sýndarfé".

David segist sýna tortryggninni í garð rafmynta skilning, fréttaflutningur sé oft neikvæður og fæstir skilji nákvæmlega hvernig tæknin á bak við fyrirbærið virkar.

Á spjallborðum um Auroracoin hafa notendur meðal annars spurt hvort ekki geti verið á ferð hin fullkomna uppskrift að fjársvikum. Að einhverjir notist við dulnefni og dreifi verðmætum til hóps fólks, skapi þannig raunar verðmæti úr engu, og hagnist sjálfir á að ganga á undan með sölu rafmyntarinnar fyrir dollara eða aðra gjaldmiðla. Hafa ber í huga að þegar aurarnir fóru í almenna dreifingu gat hver Íslendingur sótt sér aura að verðmæti nærri 400 dollarar, um 45 þúsund krónur. Heildarverðmæti allra aura var þá um 125 milljónir dollarar, eða ríflega 14 milljarðar króna.

Hvernig er hægt að vera viss um að þeir sem bjuggu til Auroracoin hafi ekki hagnast gríðarlega með því að eiga sjálfir stóran hluta myntarinnar sem þeir síðan seldu?

„Kerfið er opið og allir sem vilja geta séð hreyfingarnar



að baki. Ef eitthvað óeðlilegt ætti sér stað væri það augljóst og trúverðugleikinn hyrfi. Það eru verkferlar sem gilda og hingað til hefur allt gengið upp sem Baldur sagði í upphafi," segir David. Hann útskýrir tæknilegu hliðina, hvernig 50% af auroracoin hafi verið „verkuð" (e. pre-mined) fyrir fram og dreifist til Íslendinga. Þeir sem vilji geti síðan grafið eftir (e. mine) hinum helmingnum af heildarstabba aura. David fullyrðir að opið bókhald rafmyntarinnar (e. ledger) hafi ekki sýnt fram á neitt óeðlilegt.

Í grein á vefsíðunni Dogeconomist.com var sýnt fram á hvernig örfáir aðilar sem græfu eftir myntinni hefðu sótt langstærstan hluta þess sem nú hefur verið sóttur. Er þetta óeðlilegt? Eru einhverjir sem þekkja til að græða vegna þess að þeir vita meira en aðrir?

„Ferlið við að grafa eftir rafmyntum hefur breyst mikið frá því sem áður var. Í fyrstu stóðu menn einir í því að grafa eftir myntum en eftir því sem fleiri komu að hafa myndast hópar eða „laugar" (e. mining pools) þar sem unnið er saman. Í dag eru svokallaðar snjall-laugar (e. smart pools) algengar. Þær grafa eftir mörgum rafmyntum og verja tímanum í hverja og eina eftir verðmæti þeirra hverju sinni og erfiðleika við að sækja myntina," útskýrir David. Hann telur því ekki óeðlilegt að stór hluti aura hafi runnið til einstakra aðila, því að baki einum standi margir einstaklingar.

Verðið hrundi

Rúmlega 10% Íslendinga hafa sótt sér þá Aura sem þeir eiga rétt á, í fyrsta skrefi áætlunar Baldurs Friggjars. Þar til aurarnir eru sóttir eru þeir í höndum Baldurs en þeim á að dreifa í þremur skrefum. Á fjögurra mánaða fresti geta þeir sem vilja sótt sér nýjan skammt af aurum, 31,8 AUR í hvert sinn. Að árinu loknu, í mars 2015, verður eftirstandandi aurum ýmist eytt eða þeir gefnir til góðgerðarmála, samkvæmt útlistun áætlunarinnar á auroracoin.org.

Eins og fyrr greinir var verðmæti Auroracoin, sem segja má að hafi orðið til upp úr engu, gríðarlegt þegar myntinni var fyrst dreift hinn 25. mars síðastliðinn. Síðan þá hefur það hríðfallið og er verðmæti hvers skammts, 31,8 AUR, um 1.500 krónur í dag.

Þýðir verðfallið að tilraunin misheppnaðist?

„Verðfall frá hverju er spurning sem vert er að spyrja," segir David. „Fyrir dreifingu auranna var verið að grafa eftir þeim og spákaupmenn áttu í viðskiptum með þá. Það er ekki einu sinni víst að svo margir hafi staðið að baki miklum sveiflum á myntinni í upphafi, markaðirnir eru litlir og magn viðskipta einnig. En það eru margir þarna úti sem hafa grætt milljónir dollara af rafmyntum, einkum Bitcoin, og eru mjög virkir á mörkuðum með ýmsar rafmyntir. Þeir hafa efni á að braska," segir David. „Þegar ég ræddi við aðra í kringum mig um aurana og dreifinguna þótti flestum ljóst að verðið myndi lækka eftir úthlutunina. Framboðið jókst hratt með tilheyrandi verðlækkun. Ég tel að stóran hluta lækkunarinnar megi rekja til spákaupmanna sem yfirgáfu myntina. Ef þú býrð ekki á Íslandi er spákaupmennska eina ástæða þess að eiga AUR."

David segir það of snemmt að segja til um árangur tilraunarinnar á bak við AUR. „Þetta mun taka tíma. Jafnvel þótt AUR hafi lækkað í virði gagnvart hefðbundnum gjaldmiðlum er jákvætt að ákveðið jafnvægi hefur náðst. Það verður áhugavert að fylgjast með næstu umferð dreifingar aura. Jafnvel þótt það verði þeir sömu sem sækja myntina og áður hefjast samræður um hana á nýjan leik. Ég hef á tilfinningunni að samfélagið í kringum myntina fari stækkandi, fólk sé áhugasamt og það prófi sig áfram," segir David, sem telur jafnframt að Reykjavík sé einhver áhugaverðasti staðurinn um þessar mundir í heimi rafmynta. „Hvergi annars staðar veit almenningur jafn mikið um rafmyntir."

Hann bætir því við að hann dauðlangi að heimsækja Ísland og taka sjálfur púlsinn á hvernig hinn almenni Íslendingur líti á Auroracoin. „Ég ræði við Íslendinga á spjallborðum og slíku um AUR en það er vafalaust bjagaður hópur þar sem einstaklinarnir eru þegar meðlimir í samfélagi rafmyntarinnar."

Hinir útvöldu

Fjölmörg verk fylgja því að fylgja pólitískum loforðum úr garði og vinda ofan af hruninu. Þau gefa vel í aðra hönd en flest þeirra eru ekki boðin út.



EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Í dag á útdeiling fjármuna á grundvelli skuldaniðurfellingarpakka ríkisstjórnarinnar að hefjast, þótt aðgengi að umsóknarkerfinu muni líklegast frestast um nokkra daga. Í gegnum kerfið mun sá hluti Íslendinga sem var með verðtryggt húsnæðislán á ákveðnum tímabili sækja sér allt að 80 milljörðum króna. Sá hluti Íslendinga sem er með séreignarsparnað mun geta notað nokkra tugi milljarða króna hans til að greiða niður húsnæðislánin sín næstu árin hið minnsta. Til stendur jafnvel að gera þann möguleika varanlegan.

En ekki hagnast bara sumir íbúðaeigendur á skuldaniðurfellingarferðalagi ríkisstjórnarinnar. Í kringum þessa miklu aðgerð er gríðarlegt umstang og alls kyns sérfræðivinna sem þarf að sinna. Nánast undantekningarlaust hefur sú vinna ekki verið boðin út.

Ríkisskattstjóri kaupir þjónustu

Í skuldaniðurfellingarfrumvörpunum sem nú bíða samþykkis Alþingis kemur fram að áætlaður heildarkostnaður embættis ríkisskattstjóra við umsjón og framkvæmd þessarra verkefna sé 285 milljónir króna. Þar af eru 235 milljónir króna vegna niðurfærslna á verðtryggðum húsnæðislánum og 50 milljónir króna vegna ráðstöfunar á séreignarlífeyrissparnaði. Ekki fengust sundurliðaðar upplýsingar frá embættinu um hvernig kostnaðurinn skiptist niður á verkseljendur.

Þó liggur fyrir að Ríkisskattstjóri kaupir töluvert af þjónustu af Reiknistofu bankanna vegna skuldaniðurfellinganna, en eigendur hennar eru helstu fjármálafyrirtæki landsins. Auk þess var gerður rammasamningur við Advania, sem sér um gerð þess vefs sem hægt verður að sækja um skuldaniðurfellinguna á og gagnagrunna. Ríkisskattstjóri gerði líka samning við Libra, íslenskt fyrirtæki sem smíðar hugbúnað fyrir íslenskan fjármálamarkað. Með virðisaukaskatti er samningurinn við Libra um 14 milljónir króna og innan útboðsskyldu. Því bar ríkisskattstjóra ekki að bjóða verkefnið út heldur gat valið sér þann samstarfsaðila sem hann vildi notast við.

Tvíhliðasamningar við fjármálastofnanir

Til viðbótar við þann kostnað sem fellur á hið opinbera fellur töluverður kostnaður á þá aðila sem veita verðtryggð lán. Það eru bankar, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir. Sá kostnaður er mest vegna aðkeyptrar þjónustu og vegna þeirrar vinnu sem tölvudeild hvers banka fyrir sig þarf að leggja út í. Á meðal þeirra sem selja þessum aðilum þjónustu er áðurnefnt Libra. Þar sem um tvíhliða samninga á milli einkaaðila er að ræða fæst ekki uppgefið hjá fjármálaráðuneytinu hvert umfang þeirra er en heimildir Kjarnans herma að virði samninga Libra í heild vegna skuldaniðurfellinganna sé á bilinu 50 til 60 milljónir króna.

Mörg hundruð milljóna kostnaður bankanna

Kjarninn beindi fyrirspurn um ætlaðan kostnað vegna skuldaniðurfellinga til stóru bankanna þriggja: Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka. Í svari Arion banka er sérstaklega tiltekið að erfitt sé á þessum tímapunkti að meta þann kostnað sem þessu muni fylgja, enda enn margt óljóst um framkvæmdina. „Kostnaðaráætlanir okkar, miðað við þær upplýsingar sem við höfum í dag og þær forsendur sem við gefum okkur, gera ráð fyrir að kostnaðurinn fyrir bankann geti verið á bilinu 180 til 230 milljónir króna," segir enn fremur í svarinu.

Íslandsbanki sagði að kostnaður bankans lægi ekki fyrir eins og er og hann yrði ekki ljós fyrr en endanleg útfærsla



Leiðréttingin
Formenn stjórnarflokkanna kynntu „Leiðréttinguna" í Hörpu 30. nóvember 2013.

Auglýsing frá yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis

Boðnir verða fram eftirfarandi listar við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 31. maí nk.

B-listi Framsóknar og flugvallarvina

1. Sveinbjörg B Sveinbjörnsdóttir
2. Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir
3. Gréta Björg Egilsdóttir
4. Jóna Björg Sætran
5. Hreiðar Eiríksson
6. Ingvar Mar Jónsson
7. Trausti Harðarson
8. Herdís Telma Jóhannesdóttir
9. Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir
10. Jón Sigurðsson
11. Margrét Jónsdóttir
12. Magnús Arnar Sigurðarson
13. Aurora Chitiga
14. Þórólfur Magnússon
15. Elka Ósk Hrólfsdóttir
16. Björgvin Víglundsson
17. Ólafur Haukur Ólafsson
18. Guðbjörg G Sveinbjörnsdóttir
19. Ólafur Hjálmarsson
20. Steinunn Anna Baldvinsdóttir
21. Ásgeir Harðarson
22. Ásgerður Jóna Flosadóttir
23. Jóhann Bragason
24. Dorota Anna Zaorska
25. María Ananina Acosta
26. Ingveldur Sæmundsdóttir
27. Hallur Steingrímsson
28. Áslaug Brynjólfsdóttir
29. Sigrún Sturludóttir
30. Baldur Óskarsson

D-listi Sjálfstæðisflokksins

1. Halldór Halldórsson
2. Júlíus Vífill Ingvarsson
3. Kjartan Magnússon
4. Áslaug María Friðriksdóttir
5. Hildur Sverrisdóttir
6. Marta Guðjónsdóttir
7. Börkur Gunnarsson
8. Björn Gíslason
9. Lára Óskarsdóttir
10. Herdís Anna Þorvaldsdóttir
11. Björn Jón Bragason
12. Elísabet Gísladóttir
13. Örn Þórðarson
14. Íris Anna Skúladóttir
15. Ólafur Kristinn Guðmundsson
16. Hjörtur Lúðvíksson
17. Guðlaug Björnsdóttir
18. Hulda Pjetursdóttir
19. Sigurjón Arnórsson
20. Jórunn Pála Jónasdóttir
21. Viðar Helgi Guðjohnsen
22. Sigrún Guðný Markúsdóttir
23. Kristinn Karl Brynjarsson
24. Elín Engilbertsdóttir
25. Rafn Steingrímsson
26. Jóhann Már Helgason
27. Aron Ólafsson
28. Kolbrún Ólafsdóttir
29. Kristín B Scheving Pálsdóttir
30. Sólveig Guðrún Pétursdóttir

R-listi Alþýðufylkingarinnar

1. Þorvaldur Þorvaldsson
2. Friðrik Atlason
3. Claudia Overesch
4. Tinna Þorvaldsd. Önnudóttir
5. Axel Björnsson
6. Gyða Jónsdóttir
7. Björk Þorgrímsdóttir
8. Guðmundur Ragnar Guðmundsson
9. Björg Kjartansdóttir
10. Guðbjörg Ása Jónsd. Huldudóttir
11. Ólafur Tumi Sigurðarson
12. Sóley Þorvaldsdóttir
13. Guðbrandur Loki Rúnarsson
14. Sólveig Hauksdóttir
15. Jón Fanndal Þórðarson

S-listi Samfylkingarinnar

1. Dagur B Eggertsson
2. Björk Vilhelmsdóttir
3. Hjálmar Sveinsson
4. Kristín Soffía Jónsdóttir
5. Skúli Þór Helgason
6. Heiða Björg Hilmisdóttir
7. Magnús Már Guðmundsson
8. Dóra Magnúsdóttir
9. Sabine Leskopf
10. Tomasz Pawel Chrapek
11. Guðbjörg Eva H Baldursdóttir
12. Stefán Benediktsson
13. Margrét M Norðdahl
14. Hilmar Sigurðsson
15. Þorgerður Laufey Diðriksdóttir
16. Hörður J Oddfríðarson
17. Kristín Þórhalla Þórisdóttir
18. Bergvin Oddsson
19. Jódís Bjarnadóttir
20. Bjarni Þór Sigurðsson
21. Gunnfríður Svala Arnardóttir
22. Teitur Atlason
23. Ingibjörg Guðmundsdóttir
24. Guðni Rúnar Jónasson
25. Vilborg Kristín Oddsdóttir
26. Viktor Stefánsson
27. Birna Hrönn Björnsdóttir
28. Guðrún Ögmundsdóttir
29. Einar Kárason
30. Oddný Sturludóttir

T-listi Dögunar í Reykjavík

1. Þorleifur Gunnlaugsson
2. Ása Lind Finnbogadóttir
3. Salmann Tamimi
4. Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir
5. Gunnar Hólmsteinn Ársælsson
6. Alma Rut Lindudóttir
7. Björgvin E. Vídalín Arngrímsson
8. Helga Þórðardóttir
9. Hannes Ingi Guðmundsson
10. Birna Magnúsdóttir
11. Elva Dögg Gunnarsdóttir
12. Eva Guðrún Gunnbjörnsdóttir
13. Júlíus Sigurjón Guðmundsson
14. Kristmundur Axel Kristmundsson
15. Gígja Skúladóttir
16. Kristjana Björg Sveinsdóttir
17. Piotr Karol Murawski
18. Sigurlaug Þ Ragnarsdóttir
19. Leifur Leifsson
20. Rannveig Ernudóttir
21. Guðmundur Steinsson
22. Álfheiður Þórhallsdóttir
23. Andrés Zoran Ivanovic
24. Jón Bjarni Jónuson
25. Björgvin Björgvinsson
26. Bergrún Brá Kormáksdóttir
27. Sigurður Jónas Eggertsson
28. Rakel Dögg Þorvarðardóttir
29. Sigurbjörg A Guttormsdóttir
30. Kristján Hreinsson

V-listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

1. Sóley Tómasdóttir
2. Líf Magneudóttir
3. Elín Oddný Sigurðardóttir
4. Hermann Valsson
5. Eyrún Eyþórsdóttir
6. Gísli Garðarsson
7. René Biasone
8. Þorgerður Agla Magnúsdóttir
9. Kristín Þorleifsdóttir
10. Ásgrímur Angantýsson
11. Benóný Harðarson
12. Auður Alfífa Ketilsdóttir
13. Torfi Hjartarson
14. Sunna Snædal Jónsdóttir
15. Þráinn Árni Baldvinsson
16. Sigríður Pétursdóttir
17. Heimir Björn Janusarson
18. Elín Vigdís Ólafsdóttir
19. Ragnar Karl Jóhannsson
20. Gunnar Helgi Guðjónsson
21. Jóhann Björnsson
22. Katrín Pálmad. Þorgerðardóttir
23. Bjartur Steingrímsson
24. Áslaug Thorlacius
25. Kári Emil Helgason
26. Ragnar Auðun Árnason
27. Sesselja Traustadóttir
28. Ragnheiður Ásta Pétursdóttir
29. Gísli Baldvin Björnsson
30. Margrét Guðnadóttir

Þ-listi Pírata

1. Halldór Auðar Svansson
2. Þórgnýr Thoroddsen
3. Þórlaug Ágústsdóttir
4. Arnaldur Sigurðarson
5. Kristín Elfa Guðnadóttir
6. Ásta Guðrún Helgadóttir
7. Þuríður Björg Þorgrímsdóttir
8. Svafar Helgason
9. Kjartan Jónsson
10. Perla Sif Hansen
11. Haukur Ísbjörn Jóhannsson
12. Þórður Eyþórsson
13. Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
14. Björn Birgir Þorláksson
15. Elsa Nore
16. Eva Lind Þuríðardóttir
17. Aron Ívarsson
18. Katla Hólm Þórhildardóttir
19. Björn Leví Gunnarsson
20. Unnur Helga Möller
21. Gísli Friðrik Ágústsson
22. Björn Þór Jóhannesson
23. Álfheiður Eymarsdóttir
24. Jóhann Haukur Gunnarsson
25. Berglind Silja Aradóttir
26. Kristinn Bjarnason
27. Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
28. Helgi Rafn Hróðmarsson
29. Sóley Kristjánsdóttir
30. Davíð Þór Jónsson

Æ-listi Bjartrar framtíðar

1. Sigurður Björn Blöndal
2. Elsa Hrafnhildur Yeoman
3. Ilmur Kristjánsdóttir
4. Eva Einarsdóttir
5. Ragnar Hansson
6. Magnea Þóra Guðmundsdóttir
7. Kristján Freyr Halldórsson
8. Nichole Leigh Mosty
9. Heiðar Ingi Svansson
10. Diljá Ámundadóttir
11. Barði Jóhannsson
12. Unnsteinn Jóhannsson
13. Guðlaug Elísabet Finnsdóttir
14. Páll Hjalti Hjaltason
15. Nína Dögg Filippusdóttir
16. Einar Örn Benediktsson
17. Hrefna Guðmundsdóttir
18. Karl Sigurðsson
19. Margrét Marteinsdóttir
20. Gísli Rafn Guðmundsson
21. Reynir Þór Eggertsson
22. Hulda Gísladóttir
23. Kári Jóhann Sævarsson
24. Hjördís S Ingimundardóttir
25. Bryndís Helgadóttir
26. Inga María Leifsdóttir
27. Sigurður Eggertsson
28. Ragnheiður Eyjólfsdóttir
29. Svanborg Þórdís Sigurðardóttir
30. Óttarr Ólafur Proppé

aðgerðarinnar lægi fyrir og búið væri að ganga frá samningum við ríkið. „Þá er ekki enn ljóst hversu mikið af lánum bankans falla undir aðgerðirnar.“

Landsbankinn lét leggja mat á þann viðbótarkostnað sem hann áætlar að verða fyrir vegna skuldaniðurfellinganna. Með viðbótarkostnaði er átt við breytilegan kostnað. Fastur kostnaður er undanskilin í áætluninni. „Beinn kostnaður Landsbankans við þessa aðgerð er á bilinu 70-100 milljónir króna, það veltur á útfærslu ákveðinna þátta hver endaleg tala verður. Þá er ekki meðtalinn beinn og/eða óbeinn kostnaður, t.d. vegna tapaðra vaxtatekna af fyrirframgreiddum lánum eða þeir skattar sem lagðir hafa verið á fjármálafyrirtækja til að mæta kostnaði við leiðréttinguna,“ segir í svari Landsbankans.

„En ekki hagnast bara sumir íbúðaeigendur á skuldaniðurfellingarferðalagi ríkisstjórnarinnar. Í kringum þessa miklu aðgerð er gríðarlegt umstang og alls kyns sérfræðivinna sem þarf að sinna.“

Af svörum bankanna má ljóst vera að heildarkostnaður þeirra allra hleypur á mörg hundruð milljónum króna.

Analytica valið til verka

En ekki hefur einvörðungu skapast kostnaður vegna tæknilegs hluta útfærslunnar. Sérfræðingahópur forsætisráðherra um lækkun höfuðstóls verðtryggðra húsnæðislána, undir forystu Sigurðar Hannessonar, kynnti niðurstöður sínar um aðgerðir í skuldamálum heimila 30. nóvember síðastliðinn. Í skýrslu hópsins var meðal annars frávíksspá frá vetrarspá Hagstofunnar sem unnin var af Analytica að beiðni sérfræðingahóps forsætisráðherra. Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu hafði sérfræðinganefndin samband við nokkur greiningarfyrirtæki og „gaf þeim kost á að bjóða í verkefnið“. Í svarinu kemur ekki fram hvaða fyrirtæki er um að ræða.

Analytica var á endanum ráðið til verksins og fékk 6,9 milljónir króna fyrir. Spá Analytica var á þá leið, miðað við gefnar forsendur, að hagræn áhrif skuldaniðurfellinganna yrðu jákvæð. Flestallir aðrir greiningaraðilar sem lagst hafa

yfir tillögurnar síðan, meðal annars Seðlabanki Íslands, hafa komist að öfugri niðurstöðu. Þó verður að taka fram að þeir hafa ekki unnið sínar greiningar miðað við sömu forsendur og lagðar voru fyrir Analytica.

Hundraða milljóna kostnaður
Kostnaður fjármálastofnana á borð við Arion banka vegna skuldaniðurfellinganna hleypur á hundruðum milljóna króna.



Unnu líka að úttekt á húsnæðismálum

Þetta er ekki eina verkefnið sem Analytica hefur unnið fyrir ríkisstjórnina á undanförnum mánuðum. Fyrirtækið vann líka úttekt á áhrifum afnáms verðtryggingar fyrir sérfræðinganefnd um afnám verðtryggingar á nýjum neytendalánum sem starfaði á vegum forsætisráðuneytisins. Sú vinna kostaði tvær milljónir króna.

Analytica var líka, ásamt KPMG, fengið til að framkvæma sviðsmyndagreiningar fyrir verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála, sem skilaði umfangsmikilli skýrslu í byrjun maí. Í skýrslunni segir að verkefnisstjórnin hafi „leitað eftir tilboðum þar til gerðra aðila til sviðsmyndagreiningar. Þegar tímafresti lauk, þann 23. október 2013, hafði verkefnisstjórn borist tilboð fimm aðila. Var það ákvörðun verkefnisstjórnar að ganga til samninga við Analytica og KPMG á grundvelli tilboða þeirra“.

Kjarninn leitaði eftir upplýsingum hjá Velferðarráðuneytinu um hversu mikið þessir aðilar hefðu fengið greitt fyrir vinnu sína. Í svarinu kemur fram að heildarkostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu vegna úttektarinnar sé 37,4 milljónir króna. Þar af fékk KPMG 22,3 milljónir króna, Analytica 13,7 milljónir króna og tveir minni aðilar það sem upp á vantar.

kjarninn 15. maí 2014

Stál í stál í Kraganum

Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur glíma við spennandi pólitískt landslag.




Í Kraganum er mikil pólitísk spenna, ekki síst í stærsta sveitarfélaginu, Kópavogi. Þetta næst stærsta sveitarfélag landsins, með ríflega 32 þúsund íbúa, stendur frammi fyrir miklum pólitískum tíðindum ef fram heldur sem horfir í könnunum, en samkvæmt þeim er meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins fallinn. Björt framtíð virðist vera að festa rætur í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur og í sóknarhug þegar aðeins tvær vikur eru til kosninga.

Smelltu hér til að hlusta á þáttinn

Kjarnaofninn er liður í kosningaumfjöllun Kjarnans þar sem helstu kosningamál framboðanna eru rædd. Þættirnir birtast hér í Kjarnanum og í hlaðvarpsstraumi Kjarnans.

Fylgi framboða til borgarstjórnar í Reykjavík

Samkvæmt nýjustu kosnginaspá gerð 9. maí 2014



REYKJAVÍK Meirihluti Samfylkingar og Bjartrar framtíðar veltur á einum fulltrúa

Sjálfstæðisflokkur með fimm menn í Reykjavík

Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn eru stærstu framboðin í Reykjavík samkvæmt kosningaspá Kjarnans og Baldurs Héðinssonar, doktors í stærðfræði. Samfylkingin reiknast með 28,6 prósenta fylgi en Sjálfstæðisflokkur með 27,0 prósent. Framboðin fengju fimm hvort fulltrúa. Munurinn á fylginu er þó enn innan vikmarka, svo ekki er hægt að fullyrða hvort aflið sé vinsælla í Reykjavík.

Spáin sýnir að flokkarnir tveir eru að sækja í sig veðrið á kostnað annarra framboða, sérstaklega Bjartar framtíðar (áður Besta flokksins) sem tapar manni til Sjálfstæðisflokksins. Meirihluti Bjartar framtíðar og Samfylkingarinnar veltur aðeins á einum fulltrúa verði þetta niðurstaða kosninganna 31. maí. Vinstri græn tapa einnig fylgi og það litla sem Framsókn bætir við sig er langt innan vikmarka. Það sama á við um Pírata sem virðast þó tapa örlitlu fylgi síðan 1. maí. Áhugavert er að sjá að eini fulltrúi Framsóknar á meðal 20 efstu manna fellur um eitt sæti, úr átjánda í nítjánda. Sjötti fulltrúi Samfylkingar er nú líklegri til að ná kjöri en oddviti Framsóknar. **BÞH**


Aðferðin

Forsendur spárinnar

Kosningaspa.is sameinar niðurstöður skoðanakannana við útreikning á fylgi flokka. Hverri könnun er gefið vægi sem ákvarðast af þremur þáttum: Hvar og hvenær könnunin er framkvæmd og hversu margir taka þátt. Því er spáin vegið meðaltal af könnunum. Nánar

Þróun á fylgi flokka og fjölda borgarfulltrúa á flokk í Reykjavík

Kosningaspá keyrð á tímabilinu 26. febrúar til 1. maí 2014




Þróun á fjölda fulltrúa	26. febrúar	14. mars	24. mars	26. mars	14. apríl	1. maí	9. maí
Björt framtíð	4	4 ⇨ 5	5 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 3
Framsóknarfokkur	0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0
Sjálfstæðisflokkur	5	5 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 5
Samfylkingin	3	3 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 5	5 ⇨ 5	5 ⇨ 5
Dögun	0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0
Vinstri grænir	1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1
Pírataflokkurinn	2	2 ⇨ 1	1 ⇨ 2	2 ⇨ 2	2 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1

Röðun fulltrúa samkvæmt nýjustu spá

Fimmtán fulltrúar eru kjörnir í borgarstjórn

Björt framtíð · Dögun · Framsóknarfokkur · Vinstri grænir · Sjálfstæðisflokkur · Pírataflokkurinn · Samfylkingin

1	S1	6	Æ2	11	V1	*16*	*Æ4*
2	D1	7	Þ1	12	Æ3	*17*	*Þ2*
3	Æ1	8	S3	13	D4	*18*	*S6*
4	S2	9	D3	14	S5	*19*	*B1*
5	D2	10	S4	15	D5	*20*	*D6*



Vikmörk í nýjustu spá

Æ 3,4%	T 1,0%
B 1,8%	V 2,1%
D 3,7%	Þ 2,5%
S 3,8%	

Kannanir í nýjustu spá

Gerð 9. maí 2014

- Þjóðarpúls Capacent gerður 19. mars til 10. apríl 2014.
- Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 gerð 29. apríl 2014.
- Könnun Félagsvísindastofnunar gerð 29. apríl til 6. maí.

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN

Leita út fyrir vinahópinn

Magnús Þór Torfason hefur kennt frumkvöðlum við Harvard-háskóla.



Magnús Þór Torfason, sem starfað hefur sem aðstoðarprófessor við Harvard-háskóla undanfarin ár, segir mikilvægt að frumkvöðlar hugi vel að því hvernig „teymið“ sem umbreytir hugmynd í fyrirtæki sé samsett. Þar sé ekki nóg að horfa í vinahópinn heldur þurfi að leita þekkingar utan hans og bera virðingu fyrir því að reyndara fólk búi oftar en ekki yfir lausnum á því hvernig best er að taka fyrstu skrefin. **MH**

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um Start Up Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.



SJÖ SPURNINGAR

Baldur Sigurðsson

Knattspyrnumaður og verkfræðingur

Íslenska vorsólin fer mest í taugarnar á mér

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Það gleður mig rosa mikið að ég var að klára síðasta prófið í háskóla (að eilífu!) og er á lokametrunum í skrifum á mastersritgerðinni minni. Svo má ekki gleyma byrjun Pepsi-deildarinnar.

Hvert er þitt helsta áhugamál?

Veiðar eru mitt aðal áhugamál. Ég reyni að fullnægja skotveiðiþörfinni eftir bestu getu í dag en stangveiðin þarf væntanlega að sitja á hakanum þar til ferlinum er lokið.

Hvaða bók lastu síðast?

Íslensk knattspyrna 2013, rosalegur endir!

Hvert er þitt uppáhaldslag?

Loki með Skálmöld í Sinfóníuútgáfunni. Fiðluspilið með taktinn í bassatrommunni undir er svo rosalegt!

Til hvaða ráðherra berðu mest traust?

Ég gef Ragnheiði Elínu atkvæðið.

Ef þú ættir að fara til útlanda á morgun og mættir velja land, hvert myndir þú vilja fara?

Ég myndi fara til Brasilíu með fjölskylduna og vera þar þangað til Casillas lyftir styttunni.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?


Íslenska vorsólin.

AF NETINU

Samfélagið segir

um sigur Conchitu Wurst í Eurovision


Facebook



MARGRÉT RÚN SIGURÐARDÓTTIR

Ekki í fyrsta sinn sem Austurríki vinnur...þeir hafa unnið áður árið 1966

laugardagur 10. maí 2014



SVEINBJÖRN ÆGIR AGUSTSSON

Nú er komin tími til að hætta þessari vitleysu og taka ekki þátt í þessu lengur, það hlýtur að spara eitthvað hjá RUV

laugardagur 10. maí 2014



GUNNAR RÚNAR INGIBJARGARSON

Besta lagið í ár að mínu mati, frábær söngvari/söngkona hér á ferð, ég var svo glaður í lokin að ég grét eins og smákrakki.

laugardagur 10. maí 2014

Twitter



ALFREÐ FINNBOGASON @A_Finnbogason

The best man won...#12stig


laugardagur 10. maí 2014



ANNA MARZELLÍUSAR @anna_mazza

Jæja, Austurríki rakaði bara inn stigunum í kvöld! #punintended #12stig

laugardagur 10. maí 2014



SALKA MARGRÉT @SalkaMargret

Pælið í því, fyrst spáðu veðbankarnir Austurríki neðarlega, svo sneri Evrópa blaðinu pólitískt við. #12stig

laugardagur 10. maí 2014L

BAKHERBERGIÐ


Skuggi sólkonungs og gjöreyðingaraflið

Ólafur Arnarson sendi nýlega frá sér bókina Skuggi sólkonungs, sem fjallar um pólitískan feril Davíðs Oddssonar, baráttuna um Ísland og bankahrunið. Bókin er lipurlega skrifuð en óhætt er að segja að hún sé bein árás á allan starfsferil Davíðs. Hann er sagður mesti sökudólgurinn í hruninu. Bókin fjallar nánast ekkert um innanmein í bankakerfinu og rangar ákvarðanir stjórnenda bankanna eða meint lögbrot þeirra. Davíð er málaður upp sem pólitískt gjöreyðingarafl, þar sem rústir einar blasa við alls staðar þar sem hann á að hafa komið.

Sagan skrifuð með „réttum“ hætti

Á sama tíma og Skuggi sólkonungs kom út var þriðja ákæran gefin út á hendur stjórnendum Kaupþings. Í þetta skiptið eru hin meintu lögbrot ótrúlega mikil að umfangi. Meðal annars á hluta af neyðarláni frá skattgreiðendum upp á 500 milljónir evra að hafa verið ráðstafað með ólöglegum hætti til félaga í skattaskjólum. Tímasetningin á bókaútgáfunni er að þessu leyti svolítið merkileg, þar sem deilur Davíðs við þá Kaupþingsmenn hafa verið opinberar árum saman. Bókin er ágætis áminning um hversu margir eru að reyna að skrifa söguna með „réttum“ hætti.











Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin



Vann Eurovision í draggi
Framlag Austurríkis með draggdrottningunni Conchitu Wurst í fararbroddi vann Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Kaupmannahöfn á laugardag. Sigur skeggjuðu konunnar frá Austurríki með lagið „Rise Like a Phoenix“ er af mörgum talinn risaskref í baráttu hinsegin fólks í Evrópu.

Mynd: AFP

SYSTKINAHÓPUR LEIÐARLJÓSS

Öll þurfum við á stuðningi að halda þegar eitthvað bjátar á.

Systkinahópur Leiðarljóss myndar stuðningsnet systkina um allt land sem styðja við bakið á Leiðarljósi með mánaðarlegum greiðslum og bæta þannig lífsgæði barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma.

Sem **systir** eða **bróðir** hjálpar þú okkur að veita alvarlega veikum börnum og fjölskyldum þeirra stuðning.



Smelltu hér!

KOMDU Í SYSTKINAHÓPINN

Farðu á **leidarljos.is** og skráðu þig í systkinahópinn eða hringdu í síma **907 3010** og styrktu Leiðarljós um **1000 kr.**



Kosið í Austur-Úkraínu

Mynd: AFP

Þrátt fyrir hollustu íbúa austurhluta Úkraínu til Rússa voru kjörklefarnir í Kríastjuvate í litum þjóðfána landsins sem helmingur þjóðarinnar vill kljúfa sig frá. Atkvæðagreiðslan um hvort lýsa ætti yfir sjálfstæði í austurhluta Úkraínu hefur þó verið harðlega gagnrýnd sem leikrit og niðurstöðurnar vefengdar.



Sleppa stúlkunum í skiptum fyrir félaga
Skólastúlkunum 276 sem eru í haldi hryðjuverkasamtakanna Boko Haram í Nígeríu verður ekki sleppt nema félagar í samtökunum sem sitja í fangelsi í Nígeríu verði sleppt. Liðsmenn Boko Haram sendu frá sér myndband af stúlknahópnum og leiðtoga sínum á mánudag þar sem kröfurnar voru gerðar.

Mynd: AFP



Mynd: AFP

HM skyggir á vandamálin

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefst í Brasilíu í næsta mánuði og hefur gríðarlega miklu fjármagni verið eytt í undirbúning hátíðarinnar. Almenningur í landinu er óánægður með að vera ekki forgangi hjá stjórnvöldum og hefur til dæmis mótmælt vandamálum í heilbrigðiskerfinu.



Minnst 157 fórust í námuslysi
Kolanáma í Soma í Tyrklandi hrundi á þriðjudag með þeim afleiðingum að í það minnsta 157 námuverkamenn fórust. Yfirvöld segja 200-300 verkamenn hafa verið við störf í námunni þegar rafmagnsbilun olli sprengingu ofan í námugöngunum með fyrrgreindum afleiðingum.

Mynd: AFP



SPES Dyggur viðskiptavinur Nando‘s sýndi aðdáun sína í verki og vill fá frítt að borða

Fékk sér húðflúr með merki staðarins á rassinn

Hinn nítján ára gamli Bradley Holman, frá þorpinu Lower Kingswood á Englandi, er svo mikill aðdáandi Nando‘s-veitingastaðakeðjunnar að hann húðflúraði merki staðarins á hægri rasskinn sína. Holman vildi tryggja sér ókeypis máltíðir frá Nando‘s með uppátækinu. Hann lét húðflúra á sig merkið á ferðalagi með vinum sínum á Krít.

Nando‘s hefur engu að síður synjað beiðni hans um svokallað svart kort, sem tryggir honum ókeypis máltíðir, en Holman ver hátt í þrjú hundruð þúsund krónum á ári í uppáhaldsréttinn sinn; heilan bragðsterkan kjúkling með hvítlauksbrauði.

Holman hefur boðist til að láta húðflúra svart kort frá Nando‘s á vinstri rasskinnina til að hljóta náð fyrir augum veitingastaðarins. Holman segir að dugi það ekki til muni hann láta fjarlægja merki veitingastaðarins af afturendanum.

„Þá læt ég bara setja merki KFC í staðinn, sem er miklu betra í hreinskilni sagt,“ segir Holman í breskum fjölmiðlum.

KJARNINN

Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

Hismið

Árni Helgason og Grétar Theodórsson ásamt gestum fara í loftið alla föstudaga

kjarninn

S. Björn Blöndal
oddviti Bjartrar framtíðar í Reykjavík

kjarninn 15. maí 2014

Er eitthvað lýðræðislegt við einræðisherra?

S. Björn Blöndal skrifar um hversu mikilvægt samráð við almenning er.

Fólki dettur stundum í hug að það gæti verið snjallt og jafnvel alveg einstaklega lýðræðislegt að kjósa borgarstjóra beint. Þá væri hann óháður þessum þreytandi pólitíkusum sem þenja sig stöðugt í borgarstjórninni og gæti gengið erinda borgarbúa beint og milliliðalaust.



Það er út af fyrir sig alveg hægt skilja að sumum finnist einfaldara og betra að geta gengið að sínum manni vísum. En það er skrítnara að tengja þetta fyrirkomulag við lýðræði. Það er svona álíka gáfulegt og að segja að lýðræði sé í rauninni einræði.

Einræðisherra er einræðisherra alveg sama þótt hann hafi verið kosinn. Lýðræði er hins vegar hópavinna og trúin á það er ósköp einföld: Hún gengur út á að það sé líklegra til árangurs að vinna saman í hópum en að stóla alltaf á einhvern karl eða konu sem grenjar í símtól inni á skrifstofu eða þykist stöðugt vera að leysa öll mál upp á eigin spýtur.

Smátt og smátt er líka að verða ljóst að fyrirkomulag þar sem kjörnir fulltrúar ráða öllu um skeið og eiga helst ekkert að hlusta á nöldrið í kjósendum er að ganga sér til húðar. Stöðugt er bent á nýjar leiðir til að ráðgast við borgarana um stærri og smærri mál utan við hefðbundnar kosningar.

Reykjavíkurborg hefur á þessu kjörtímabili unnið að því að þróa tvenns konar þátttökuleiðir undir heitinu „Betri Reykjavík“ (sjá betrireykjavik.is). Annars vegar er það formlegur farvegur hugmynda og tillagna sem rökræddar eru á netinu og fara að lokum til afgreiðslu á viðeigandi sviði borgarinnar. Þannig geta Reykvíkingar sent tillögur sínar beint til þeirra nefnda sem fjalla um hvert og eitt mál.

„Aukið lýðræði íbúanna er einfaldlega framtíðin og hún er björt. Þetta fyrirkomulag felur ekki í sér einhvers konar lýðskrum eða takkalýðræði.“

Þannig verður Reykjavík betri. Hverfin geta líka orðið betri, fallegri og skemmtilegri með aðstoð borgarbúa. Um það snýst verkefnið Betri hverfi. Þá fá borgararnir úthlutað fé til viðhalds og framkvæmda í eigin hverfum. Þátttaka er ekki tímafrek. Fyrst er óskað eftir hugmyndum, þá er gefinn kostur á rökræðum um hugmyndirnar á netinu og að lokum er þeim raðað í forgangsröð sem ákvarðar hvaða hugmyndir verða framkvæmdar. Það má segja að Betri hverfi sé eins konar æfing enn sem komið er. Þátttökuverkefnum af þessu tagi mun fjölga í framtíðinni og þau stækka. Það er engin spurning.

Borgin hefur líka átt samstarf við stjórnmálafræðinga sem vinna að þróun aðferða til samráðs við almenning. Hér var til dæmis á síðasta ári James Fishkin frá Stanford-háskóla sem hefur skipulagt svokallaðar rökræðukannanir víða um heim. Rökræðukannanir blanda saman aðferð skoðanakannana og rökræðufunda til að sjá breytingar sem verða á viðhorfum fólks þegar það fær tækifæri til að kynna sér mál í hörgul. Það kemur í ljós að slíkar breytingar geta verið umtalsverðar.

Stjórnmálamenn verða að átta sig á að samráð við almenning er mjög mikilvægt. Aukið lýðræði íbúanna er

einfaldlega framtíðin og hún er björt. Þetta fyrirkomulag felur ekki í sér einhvers konar lýðskrum eða takkalýðræði. Það er ekki hægt að ætlast til þess að við séum öll vel að okkur um þau fjölmörgu mál sem þarf að móta stefnu um eða taka ákvarðanir um. En það þarf að vera eitthvert vit í ákvörðunum. Besta leiðin til að þetta vit verði sem allra mest er að búa til aðstæður þar sem fólk getur bæði sett sig inn í mál og tekið þátt í að móta stefnu og jafnvel taka ákvarðanir. Það er lýðræði.

„Það er út af fyrir sig alveg hægt skilja að sumum finnist einfaldara og betra að geta gengið að sínum manni vísum.“

Góðir leiðtogar eru fínir og þeir geta hjálpað heilmikið. En þeir toppa ekki visku fjöldans. Þeir eiga því aðallega að hjálpa til við að sú viska nýtist sem best.



kjarninn 15. maí 2014

Upplýsingaveitur um réttindi

Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins skrifar um mikilvægi öflugrar upplýsingamiðlunar.

Ekki þarf að fjölyrða um þá byltingu sem orðið hefur á flestum sviðum með tilkomu netsins. Á þeim tæplega tveimur áratugum sem liðnir eru síðan ég útskrifaðist sem lögfræðingur hefur orðið grundvallarbreyting á starfsumhverfi lögfræðinga fyrir tilstuðlan netsins. Töluverður tími fór gjarnan í leit að ýmsum grundvallargögnum, í hinum og þessum bókum og heftum, og innan stjórnsýslunnar var aðgengi að til dæmis úrskurðum lítið og sama átti við um úrlausnir dómstóla í héraði. Lögfræðingar sönkuðu að sér því sem gefið var út á pappír; dómum Hæstaréttar, Stjórnartíðindum, Lögbirtingablaðinu og álitum Umboðsmanns Alþingis í hillumetravís svo það helsta sé nefnt. Af öðru fréttu menn af afspurn ef heppnin var með þeim.

Þessi staða er í dag gjörbreytt. Ýmsar upplýsingaveitur á netinu sjá nú til þess að þessi gögn séu öll við hendina og raunar í umtalsvert meiri mæli en aðgengilegt var með

góðu móti fyrir nokkrum árum. Þetta aukna aðgengi að grundvallargögnum á sviði lögfræði er ekki bara til hagsbóta fyrir lögfræðinga og aðra sérfræðinga heldur er þetta að sjálfsögðu mikilvægt atriði fyrir alla sem vilja kynna sér réttarstöðu sína á hvaða sviði sem er.

Öflug upplýsingamiðlun Alþingis

Mikilvægasta upplýsingaveitan á þessu sviði er heimasíða Alþingis, www.althingi.is. Ég játa það hér með og fúslega að þetta er uppáhaldssíðan mín á netinu öllu. Á þessari síðu má finna gríðarlegt magn upplýsinga um allt það sem snýr að verkefnum Alþingis. Á síðunni eru aðgengileg lagafrumvörp síðustu áratuga sem og greinargerðir, nefndarálit, umsagnir, umræður og annað það sem tengist meðferð einstakra mála á þinginu. Þá er þarna að finna allar þær fyrirspurnir sem lagðar hafa verið fram og svör við þeim og fullbúið lagasafn. Lagasafnið geymir ekki einasta lögin sjálf heldur er þar í hverjum og einum lagabálki unnt að finna viðeigandi breytingarlög og reglugerðir sem settar hafa verið á grunni umræddra laga auk tengla á það frumvarp sem varð að umræddum lögum og svo framvegis. Þessi mikilvæga upplýsingaveita er án minnsta vafa afar þjóðhagslega hagkvæm, enda sparar hún tíma og stórfé innan stjórnsýslunnar, dómstóla og annars staðar þar sem leyst er úr málum, svo ekki sé talað um mikilvægi slíkrar upplýsingamiðlunar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Rekstur síðunnar er Alþingi til mikils sóma.

„Þær eru ekki síður mikilvægar fyrir almenning þannig að hver og einn geti hindrunarlítið kynnt sér grundvallargögn og eftir atvikum lagt sjálfstætt mat á réttarstöðu sína í einstaka tilvikum.“

Hæstiréttur og Umboðsmaður Alþingis

Heimasíða Hæstaréttar, www.haestirettur.is, er einnig mikilvæg upplýsingaveita, en þar er að finna alla dóma réttarins frá 1. janúar 1999. Einfalt er að leita að dómum eftir lagagreinum, efnisatriðum og með textaleit ef því er að skipta. Í upphafi hvers dóms sem birtur er á netinu er að finna stutta

og hnitmiðaða samantekt um efnisatriði viðkomandi máls og niðurstöðu Hæstaréttar. Þessi nýbreytni var tekin upp þegar birting dóma á netinu hófst og gerir starfsemi réttarins mun aðgengilegri almenningi.

Umboðsmaður Alþingis heldur einnig úti öflugri heimasíðu, www.umbodsmadur.is, þar sem finna má allar úrlausnir embættisins frá upphafi. Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með allri stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélaga og því skiptir miklu máli að unnt sé með einföldum og aðgengilegum hætti að kynna sér niðurstöður hans á einstaka réttarsviðum innan stjórnsýslunnar.

Ýmsar aðrar mikilvægar upplýsingaveitur eru reknar og má þar nefna úrlausnir héraðsdómstóla landsins sem aðgengilegar eru á síðunni www.domstolar.is. Úrskurðir innan stjórnsýslunnar eru aðgengilegir á vefnum www.urskurdir.is, en sá vefur hét upphaflega www.rettarheimild.is og var settur á laggirnar árið 2001. Á vefnum birta ráðuneytin úrskurði sína og álit auk úrskurða kærunefnda og dóma Félagsdóms. Stjórnartíðindi hafa verið gefin út á netinu undanfarin ár á vefnum www.stjornartidindi.is, en þar eru birt í A-deild öll lög o.fl., reglugerðir o.fl. í B-deild og samningar við önnur ríki í C-deild. Sérstakt reglugerðasafn er einnig aðgengilegt á vefnum www.reglugerd.is. Þá er Lögbirtingablað gefið út á netinu á síðunni www.logbirtingablad.is en efnið er einungis aðgengilegt áskrifendum.

Þessar upplýsingaveitur hinna þriggja handhafa ríkisvaldsins – löggjafarvaldsins, dómsvaldsins og framkvæmdavaldsins – eru ekki eingöngu mikilvægar lögfræðingum og öðrum sérfræðingum vinnu sinnar vegna. Þær eru ekki síður mikilvægar fyrir almenning þannig að hver og einn geti hindrunarlítið kynnt sér grundvallargögn og eftir atvikum lagt sjálfstætt mat á réttarstöðu sína í einstaka tilvikum.

APPIÐ

Sonja Ýr Þorbergsdóttir
lögfræðingur BSRB

„Ég er með Samsung Galaxy sIII“



PINTEREST

Íbúðin mín þarfnaðist verulegrar stand-setningar svo Pinterest hefur verið notað óspart til að fá hugmyndir. Helsti kosturinn er að geta safnað saman á einn stað hugmyndum að hlutum sem ég vil gera, fá mér, uppskriftum o.s.frv.

QUIZUP

Komst að því fljótlega að ég veit mun minna um allt en ég hélt. Þetta er ávanabindandi leikur þar sem maður keppir á móti öðrum. Markmiðið er að koma sem flestum vinum mínum í leikinn svo ég geti unnið þá og hirt besserwissertitilinn.

SPOTIFY

Þar finn ég flest alla tónlist sem ég vil hlusta á og upp-götva nýja. Þegar ég er hugmyndasnauð er fínt að nýta tillögur Spotify eða sjá hvað vinir mínir eru að hlusta á.

TÆKNI CycleNav frá Schwinn lýsir þér leiðina heim

CycleNav tækið er lítið, einfalt og ódýrt gervihnattarleiðsögutæki fyrir reiðhjól. Það er gerir í raun það sama fyrir hjólreiðamanninn og TomTom eða önnur GPS tæki gera fyrir áttavilta ökumenn. Það leiðir þig heim, eða á hvern annan áfangastað sem þig þyrstir í að komast á. Tækinu er einfaldlega smellt á stýri reiðhjólsins og haldið af stað.

Tækið gefur til kynna hvert þú átt að beygja með því að blikka skæru grænu ljósi í rétta átt og öskrar á þig sömu leiðbeiningar á meðan.

Áður en lagt er af stað þarf að slá upplýsingarnar um hvert þú vilt fara í app. Leiðin er síðan send í gegnum Bluetooth í tækið sem er fest á stýrið þitt.

CycleNav er hræódýr græja. Smásöluverð í búð í Bandaríkjunum er undir 7.000 íslenskum krónum, sem þýðir að verðið hér yrði örugglega í kringum 20.000.

Rafhlaðan endist í tíu klukkutíma og tækið á að vera vatnshelt. Það er því hægt að taka það með í lengri hjólaferðalög.



YouTube
Hér er hægt að sjá mjög ameríska kynningu á CycleNav



Dramatískasta tímabilið á enda

Spennan hefur aldrei verið meiri í ensku úrvalsdeildinni. Kjarninn tekur saman það helsta sem skipti máli.

KNATTSPYRNA
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Um helgina lauk 22. leiktíð ensku úrvalsdeildarinnar, vinsælustu knattspyrnudeildar í heimi. Miðausturlandahraðlestin Manchester City tryggði sér á endanum titilinn eftir æsispennandi lokasprett sem einkenndist af gríðarlegri dramatík. Hún náði líklega hámarki þegar Steven Gerrard, fyrirliða Liverpool og líklega besta leikmanni í sögu deildarinnar til að vinna hana aldrei, skrikaði fótur í leik gegn Chelsea sem færði varnarvél Mourinho mark á silfurfati og Manchester City bílstjórasætið í titilbaráttunni. Það sæti lét liðið ekki af hendi.

Í aðdraganda þeirrar leiktíðarinnar í ensku úrvalsdeildinni var því spáð af Kjarnanum að þetta yrði eitt mest spennandi tímabil síðan úrvalsdeildin hófst. Ástæðan var það rót sem var á framkvæmdastjórastöðum toppliðanna. Af sjö efstu liðunum var einungis eitt með mann í brúnni sem hafði verið þar lengur en eitt tímabil, Arsenal. Mest munaði auðvitað um brotthvarf Sir Alex Ferguson frá Manchester United, en hann kvaddi með meistaratitli þrátt fyrir að liðið sem hann var með í höndunum hafi verið eitt slakasta United-lið í manna minnum.

Þessar væringar áttu heldur betur eftir að móta tímabilið, sem verður að teljast eitt það skemmtilegasta og mest spennandi sem leikið hefur verið frá því að úrvalsdeildin var sett á laggirnar árið 1992.



Lið ársins í enska boltanum

Að mati Kjarnans

Markvörður
Petr Cech, *Chelsea*

Vörn
Seamus Coleman, *Everton*
Gary Cahill, *Chelsea*
John Terry, *Chelsea*
Leighton Baines, *Everton*

Miðja
Yaya Toure, *Manchester City*
Steven Gerrard, *Liverpool*
Eden Hazard, *Chelsea*

Sókn
Daniel Sturridge, *Liverpool*
Luis Suarez, *Liverpool*
Edin Dzeko, *Manchester City*

Stjóri ársins
Tony Pulis, *Crystal Palace*

Meiri dramatík en áður

Þegar 19 umferðir höfðu verið leiknar í desember síðastliðnum, og deildin hálfnuð, voru Sunderland og West Ham í tveimur neðstu sætunum. Fulham og Crystal Palace voru með jafnmörg stig og nánast sömu markatölu í sætunum þar fyrir ofan. Af þessum fjórum liðum féll einungis eitt, Fulham. Sunderland varð annað liðið frá upphafi úrvalsdeildarinnar til að vera á botninum en bjarga sér samt frá falli. Lengst af voru um tíu lið í fallbaráttunni.

Á sama tíma var Arsenal í efsta sæti og Everton í fjórða sæti. Liverpool sat þá í fimmta sætinu og utan meistaradeildarinnar þegar tímabilið var hálfnað. Hin fræga afturför Manchester United var í góðum gír á þessum tíma og liðið sat í sjötta sæti.

Eftir síðustu helgi blasti allt önnur staða við. Cardiff og Norwich féllu með Fulham, Manchester City varð meistari eftir ótrúlega baráttu við Liverpool, Arsenal lenti í fjórða sæti og Everton í því fimmta með 72 stig. Það hefur einungis gerst þrisvar í sögu úrvalsdeildarinnar að slíkur stigafjöldi dugi ekki til að ná fjórða sætinu. Síðast þegar Everton náði meistaradeildarsæti árið 2005 var liðið með 61 stig, ellefu stigum minna en á þessari leiktíð. Árið áður fékk Liverpool 60 stig og náði meistaradeildarsæti. Árið 1997 vann Manchester United raunar titilinn með 75 stigum, þremur meira en Everton náði nú.

LOKASTAÐAN Á MEÐAL ÍSLENDINGA Í FANTASY PREMIER LEAGUE

Draumaliðsspilun er orðin hluti af vikulegri rútínu fjölmargra aðdáenda enska boltans. Alls voru 972.078 lið skráð til leiks í opinbera draumaliðsleik deildarinnar og þar af voru 4.801 frá Íslandi. Af þeim íslensku urðu eftirfarandi í tíu efstu sætunum:

	Lið	Stjóri
1	Igor Biscan	Tryggvi Kristjánsson
2	Einar´s BESTTEAMEVER	Einar Svanlaugsson
3	Tight lines	Sævar Ásgeirsson
4	Man_City	Ingi Rafnsson
5	Strúnan	Ágúst Guðmundsson
6	Gylverpool	Gylfi Gylfason
7	Sunshine United	Davíð Hallgrímsson
8	Þegiðu	Birgir Ágústsson
9	Huginn	Guðlaug Sigmundsdóttir
10	Handavinna	Jón Eggert Hallsson

Sóknarbolti og miklu fleiri mörk

Fyrir þetta tímabil höfðu einungis þrjú lið náð að skora yfir 90 mörk á einu tímabili. Og einungis eitt þeirra náði að skora yfir 100 mörk. Það var Chelsea-liðið undir stjórn Carlo Ancelotti árið 2010 sem skoraði 103 mörk. Í ár náðu tvö efstu liðin, Manchester City og Liverpool, bæði að skora yfir 100 mörk. Til að setja breytinguna á Liverpool í samhengi hafði liðið mest skorað 77 mörk á tímabili áður síðan úrvalsdeildin varð til. Þetta var því mikið markatímabil, enda sóknarleikur í fyrirrúmi hjá öllum liðunum í topp fimm utan Chelsea.



Bestur og jafnaði met
Luiz Suarez fór hamförum á tímabilinu og jafnaði markametið í 38 liða deild. Auk þess tókst honum að bíta engan.

Luiz Suarez náði að verða einungis sjöundi leikmaðurinn frá upphafi til að skora yfir 30 mörk. Hann jafnaði met Alan Shearer (1995/1996) og Cristiano Ronaldo (2007/2008) með því að skora 31 mark í 38 leikja deild. Suarez gerði reyndar betur en þeir báðir með því að skora mörkin sín í einungis 33 leikjum, enda hóf hann tímabilið í löngu banni fyrir að bíta andstæðing. Það þarf að spila ansi magnað tímabil til að vera valinn betri en fótboltaaflið Yaya Toure. En Suarez tókst það.

Mörg lið komu mjög á óvart

Það er óhætt að segja að þetta hafi verið tímabil Merseyside-liðanna frá Liverpool þótt bæði hafi kannski lokið keppni vitandi að þau voru hársbreidd frá því að gera enn betur. Liverpool var auðvitað á kafi í titilbaráttu fram á síðasta dag og spilaði leiftrandi sóknarbolta sem tætti á stundum í sig sum bestu lið deildarinnar með þeim hætti að leikirnir voru nánast búnir í fyrri

hálfleik. Nægir þar að nefna 5-1 sigur á Arsenal í febrúar þar sem Liverpool skoraði fjögur á fyrstu 20 mínútunum. Liðinu tókst líka að vinna 12 af síðustu 14 leikjum sínum, sem verður að teljast rosalegur árangur.

Margir spáðu því að Everton myndi hrynja eins og spilaborg eftir að David Moyes yfirgaf félagið fyrir Manchester United eftir ellefu ára starf. Annað kom heldur betur á daginn. Liðið náði fleiri stigum en það hefur nokkru sinni áður náð í úrvalsdeildinni og gerði það með því að spila frábæran sóknarbolta undir stjórn Roberto Martinez. Hápunktur tímabilsins var ugglaust sá að vinna Manchester United, og David Moyes, bæði heima og að heiman. Liðið hafði þá ekki unnið á Old Trafford frá árinu 1992.

En ýmsir komu líka á óvart á hinum enda deildarinnar. Sunderland tók þá góðu ákvörðun að reka hinn vægast sagt vanstillta Paolo Di Canio eftir fimm leiki, enda liðið einungis með eitt stig á þeim tímapunkti. Gus Poyet tók við, en hans beið það verkefni að slípa til hóp sem samanstóð af 14 nýjum leikmönnum og afgangi sem var í sjokki eftir Di Canio tímann. Honum tókst að koma liðinu í úrslit deildarbikarsins og bjarga því síðan frá falli með ótrúlegum endaspretti þar sem Sunderland vann bæði Chelsea og Manchester United á útivelli og náði í 10 stig af 12 mögulegum.



Kraftaverkamaður
Tony Pulis tók við Crystal Palace í vonlausri stöðu, bjó til vel smurða vél og endaði með liðið rétt fyrir neðan Manchester United.

Hinn kjallarastjórinn sem er vert að minnast á er Tony Pulis. Eftir að hafa verið rekinn frá Stoke fyrir að spila leiðinlegan fótbolta, með mikla áherslu á löng innköst, mætti maðurinn með bensínstöðvarderhúfuna í brúna hjá Crystal Palace og vann kraftaverk með lið sem ansi margir sérfræðingar voru vissir um að myndi falla beint aftur. Pulis náði



Vonbrigði
David Moyes stóð sig svo illa í starfi að áhangendur Liverpool reistu af honum styttu eftir að hann var rekinn... fyrir vel unnin störf fyrir Liverpool.

að skila Palace í ellefta sætið með 45 stig og vann meðal annars fimm leiki í röð undir lok tímabilsins.

Vonbrigði ársins

Þótt stuðningsmenn Arsenal séu eflaust fúlir með enn eitt árið í fjórða sæti, og nágrannar þeirra í Tottenham yfir því hvað liðið þeirra var bæði slakt og leiðinlegt þorra tímabilsins, þá er einungis einn handhafi vonbrigðatitilsins: Manchester United og David Moyes. „Hinn útvaldi“ var greindur ítarlega í Kjarnanum fyrr í vetur og tveimur mánuðum síðar var búið að reka hann. Manchester United sló enda nánast öll óæskileg met sem hægt var að slá. Fyrir utan að hafa ekki einu sinni náð Evrópudeildarsæti spilaði liðið einfaldlega hræðilega leiðinlegan fótbolta þorra tímabilsins. Það voru viðeigandi endalok á þessari helför að Moyes hafi verið rekinn eftir að gamla liðið hans Everton sundurspilaði slakt United lið í apríl.

Moyes og United hefðu líka átt verstu kaup ársins í Marouane Fellaini ef Tottenham hefði ekki eytt 30 milljónum punda í Erik Lamela.

Hin vonbrigðin eru stjóraskiptin hjá Cardiff, Fulham (tvisvar), Norwich og West Bromwich Albion. Þau ákváðu öll að ráða stjóra til að redda sér frá falli sem höfðu enga reynslu af því að stýra liði í enskri deildarkeppni. Það reyndist ákaflega dýrkeyptur afleikur hjá öllum nema West Brom, sem þó náði bara rétt að hanga í deildinni. Á sama tíma réðu Crystal Palace og Sunderland bæði stjóra með reynslu af enskum fótbolta og héldu sér uppi með stæl. Grasið er ekki alltaf grænna hinum megin.



Er aukinn ójöfnuður eina framtíðin?

Bók Thomas Piketty, Auðmagnið á 21. öld, hefur gert hann að stjörnu í hagfræðiheiminum.

BÓKMENNTARÝNI



Katrín Jakobsdóttir
alþingismaður

„...allir borgarar ættu að kynna sér peninga, hvaða mælikvarðar eru nýttir á peninga, hvaða staðreyndir tengjast peningum og sögu peninga. Þeir sem eiga mikla peninga bregðast aldrei í því að verja hagsmuni sína. Að neita að eiga við tölur þjónar hins vegar sjaldnast hagsmunum hinna tekjuminni.“ (577)

Einhvern veginn þannig mætti snúa lokaorðum bókar franska hagfræðingsins Thomas Piketty, Capital in the Twenty-First Century, yfir á íslensku en ensk þýðing

bókarinnar hefur náð efst á metsölulista bæði vestan og austan hafs. Bókin hefst á umfjöllun Pikettys um þróun hagfræðinnar sem hann horfir gagnrýnið á, ekki síst í Bandaríkjunum sem hann telur smám saman hafa þróast út í óhlutbundnar stærðfræðiformúlur sem ekki byggist á raungögnum og hafi litla þýðingu fyrir samfélagið. Þannig hafi hagfræðingar heimsins vanrækt að rannsaka vaxandi ójöfnuð í heiminum en lagt ofurtrú á kenningu Kuznets um að vöxtur leiði sjálfkrafa til aukins jöfnuðar (15-16).


„Bók Pikettys er mikilvægt innlegg í vaxandi umræðu um ójöfnuð, afleiðingar hans og hvort stjórnvöld um heim allan eigi að líta á það sem verkefni sitt að sporna gegn ójöfnuði.“

Sú aðferð að tengja hagfræði við önnur vísindi, sérstaklega sögu og félagsvísindi en líka t.d. bókmenntir, er vissulega frábrugðin þeirri fræðahefð sem lesendur eiga að venjast frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Piketty tengir saman sögulega, félagslega og efnahagslega þróun og hvernig sögulegir viðburðir og pólitískar ákvarðanir hafa haft áhrif á þróun jöfnuðar í heiminum. Honum eru hugleiknar skáldsögur Jane Austen og Honoré de Balzac og hvernig lýsingar þeirra á mannlífinu eru mikilvæg heimild um samfélagsuppbyggingu þess tíma. Þessar tengingar gera það að verkum að það er auðvelt og skemmtilegt að lesa bók Pikettys og lesandinn fær betri innsýn í það sem Piketty telur hafa áhrif á jöfnuð, bæði sögulega viðburði, lýðfræðilega þróun, áherslur í menntun og skattlagningu.

Rauður þráður í gegnum bókina er sú meginkenning að þegar rentan af auðmagninu sé meiri um nokkurt skeið en vöxtur sé það mjög öflugur hvati til aukins ójafnaðar. (361) Piketty rökstyður það m.a. með því að vöxtur miðað við höfðatölu til lengri tíma sé sjaldnast meiri en 1,5% og fer yfir vöxt, t.d. í V-Evrópu, Bandaríkjunum og Japan, á árunum 1990 til 2012 máli sínu til stuðnings. (95-96) Þegar rentan af auðmagninu verði meiri en almennur vöxtur þýði það að auður þeirra sem mesta rentu fái af sínu auðmagni vaxi hraðar en kjör almennings. Þegar auður sé orðinn til vaxi hann af innri

kröftum; því meiri auður, þeim mun hraðar vaxi hann.

Piketty setur þetta í samhengi við stöðuna í samtímanum, en út frá þeim gögnum sem hann hefur rannsakað á ríkasta 0,1% prósentið um það bil 20% af öllu auðmagni í heiminum og auðugasta eina prósentið (um 45 milljónir manna) á um 50% af öllum auði heimsins. Ójöfnuðurinn er enn meiri hnattrænt vegna þess að ójöfnuður milli heimshorna er mikill. Piketty telur að á þessari þróun sé einungis unnt að hægja með framsæknu skattkerfi. (438) Auðugasta eina prósentið fái tekjur sínar í gegnum fjármagnið – næstu níu prósentin fremur í gegnum laun (þar má finna framkvæmdastjóra á ofurlaunum). Ríkustu 10 prósentin eigi um 60% þjóðarauðsins í flestum Evrópuríkjum (Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi og Ítalíu). Fátækustu 50 prósentin eiga minna en tíu (jafnvel fimm) prósent af þjóðarauðnum. (257).



Hagnýtar upplýsingar

Auðmagn á 21. öldinni (e. Capital in the Twenty-First Century)

HÖFUNDUR Thomas Piketty
ÞÝDD Á ENSKU AF Arthur Goldhammer
BLAÐSÍÐUFJÖLDI 696 blaðsíður
Kom fyrst út í Frakklandi í ágúst 2013
Kom fyrst út á ensku í apríl 2014
ÚTGEFENDUR Éditions du Seuil og Harvard University Press

Stríð og skattar

Capital in the Twenty-First Century er ekki síður sagnfræði en hagfræði enda telur Piketty að sögulegir viðburðir hafi stundum skapað aukinn jöfnuð. Þannig hafi heimsstyrjaldirnar tvær orðið til þess að efnafólk missti talsvert af eigum sínum og vestræn ríki orðið að beita aukinni skattlagningu á hátekjufólk til að standa undir stríðsrekstrinum. Að sama skapi hófst tímabil mikils vaxtar í Evrópu eftir seinna stríð sem varð til þess að almenningi vegnaði vel, víða höfðu einkafyrirtæki færst í opinbera eigu eftir stríð sem skilaði samfélaginu auknum auði og víða var komið upp þrepaskiptu skattkerfi sem dreifði skattbyrðinni ólíkt á hópa þannig að hinir efnameiri báru meiri byrðar en hinir tekjulægri. Minni samþjöppun auðs nú en undir lok 19. aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu er þannig fyrst og fremst vegna tiltekinna sögulegra viðburða og stjórnvaldsaðgerða. Piketty rekur svo hvernig pólitískar ákvarðanir á níunda áratug tuttugustu aldar sneru þessari þróun við. Áður en kyndilberar nýfrjálshyggjunnar, Ronald Reagan og Margaret Thatcher, komust

til valda á Bretlandseyjum og í Bandaríkjunum, höfðu Bretland og Bandaríkin gengið mjög langt í skattlagningu á ofurtekjur og verið þar með skattprósentu yfir 90%, sem var mun lengra gengið en í öðrum löndum, s.s. Frakklandi og Þýskalandi, sem voru mun íhaldssamari. Þetta skatthlutfall var keyrt mjög hart niður á níunda áratugnum, allt niður í 28% árið 1986 í Bandaríkjunum. Nú er deilt um það hvort Obama muni hækka þessa skattprósentu upp í 40% á meðan hann er í embætti og það talið ólíklegt.

Piketty telur hins vegar það vera (sjálfs)blekkingu að halda að eðli hagvaxtar eða markaðslögmálin muni tryggja minnkandi ójöfnuð í takt við fræga kenningu Kuznets. (376) Ekki síst þegar lýðfræðileg þróun bendir til þess að arfur muni skipta meiru í V-Evrópu og Bandaríkjunum (þ.e. minni fjölgun, færri börn, meiri eignir ganga í erfðir) og þannig aukist ójöfnuður, sérstaklega ef skattlagningu er ekki beitt með markvissum hætti. Þannig telur hann að skattlagning sé EKKI tæknilegt úrlausnarefni heldur pólitískt og heimspekilegt viðfangsefni. (493). Þrepaskipt skattkerfi sé grundvallarstólpi velferðarkerfisins sem gegndi lykilhlutverki við uppbyggingu þess á 20. öld sem og við að auka jöfnuð á þeim sama tíma. (497)

Piketty telur ójöfnuðinn í Bandaríkjunum eina orsök fjármálakreppunnar, en vaxandi ójöfnuður leiddi til þess að kaupmáttur lág- og millistétta staðnaði með þeim afleiðingum að þau heimili skuldsettu sig frekar og nýttu sér ódýrt lánsfjármagn sem afregluvæddir bankar buðu upp á. Þannig stuðlaði ójöfnuðurinn að aukinni skuldsetningu lág- og millistéttarinnar og fjárhagslegur óstöðugleiki jókst. (297) Þannig sé jöfnuður einn þáttur í að viðhalda efnahagslegum stöðugleika.

Hnattvætt skattkerfi?

En Piketty er ekki með einfaldar lausnir á þessu viðfangsefni. Hann segir að hnattvæddur skattur sé því miður óraunhæft markmið en hugsanlega væri hægt að taka upp svæðisbundna skatta eða álfuskatta og jafnvel sé þannig hægt að



Stjarna
Bók Thomas Piketty kom út í Frakklandi fyrir rúmu ári og á ensku í apríl 2014. Honum hefur verið hampað af heimsfrægum hagfræðingum á borð við Paul Krugman fyrir bókina.

koma á hnattvæddum þrepaskiptum skatti á fjármagn í áföngum. Það sé besta leiðin ásamt auknu gagnsæi í kringum alþjóðlega fjármagnsflutninga og viðskipti til að tryggja jöfnuð til framtíðar (515). Þetta er líklega útópísk lausn og kallar á mjög þétta alþjóðlega samvinnu og mikið gagnsæi sem eru nauðsynlegar forsendur hnattræns jafnaðar. Kerfið er nú mjög ógagnsætt, sem birtist t.d. í því að upplýsingar um milljarðamæringa heimsins liggja hvergi fyrir, helsta heimild er milljarðamæringatal Forbes sem byggist á upplýsingum úr ársskýrslum en ekki opinberum tölum.

Aukið gagnsæi kallar á afnám bankaleyndar gagnvart stjórnvöldum, sem Piketty telur róttækt skref en spyr á móti hvort einhver eigi rétt á því að ákvarða í raun eigin skattaprósentu með því að halda tilteknum eignum utan kerfisins (521-522). Piketty telur samræmdan og gagnsæjan fjármagnsskatt raunhæfan valkost fyrir Evrópu, eða a.m.k. evruríkin, og telur það styrkja samkeppnisstöðu þeirra gagnvart Kína

sem er með fjármagnshöft og stýrir flæði fjármagns inn og út úr landinu. Fjármagnsskattur sé í raun frjálslynda útgáfan af fjármagnshöftum. (536) Piketty telur að úr því að Evrópuríkin hafi sameinast um gjaldmiðil, evruna, sé erfitt að skilja af hverju þau geti ekki komið sér saman um skattastefnu gagnvart lögaðilum sem starfi þvert á landamæri. Piketty leggur til sérstakt „fjárlagaþing Evrópu“ þar sem sætu fulltrúar evrópskra þjóðþinga til að tryggja samræmi við þjóðþingin og lýðræðislega ákvarðanatöku. (558-562). Niðurstaða Piketty er að gagnsæi í fjárhagsupplýsingum og nýting þeirra upplýsinga til að leggja á þrepaskiptan skatt sé nauðsynlegt fyrir efnahagslegt lýðræði. Það sé undirstaða velferðarkerfis á 21. öld. (570)

Bók Pikettys er mikilvægt innlegg í vaxandi umræðu um ójöfnuð, afleiðingar hans og hvort stjórnvöld um heim allan eigi að líta á það sem verkefni sitt að sporna gegn ójöfnuði. Þar hafa alþjóðastofnanir látið í sér heyra og beinlínis varað við ójöfnuði sem einni helstu ógn við frið í heiminum. Bókin hefur þann stóra kost að samþætta ólíkar fræðigreinar og ræða fjármagn í félagslegu samhengi – en fyrir það hefur hún líka verið gagnrýnd, ekki síst af hagfræðingum vestanhafs sem telja of lítið gert úr hefðbundnum aðferðum hagfræðinnar og eru gagnrýnir á kenningar Pikettys um tengsl auðmagnsrentu og vaxtar. Langflestir eru þó sammála um að þessi bók sé skyldulesning fyrir alla þá sem vilja taka þátt í umræðu um efnahagsþróun í heiminum.



Margrét Erla Maack
sirkuslistamaður og danskennari

Snjallfallin

Margrét Erla Maack skrifar um hið svokallaða skrun.

Ég sá skrípamynd í snjallsímanum mínum á fréttaveitunni á Facebook með þessum orðum: Hvar ætlarðu að horfa á símann þinn um helgina? Ég var einmitt í skemmtilegu margmenni, skrunandi í gegnum símann þegar ég sá myndina. Ég kastaði frá mér símanum og vissi upp á mig sökina en greip í hann aftur ómeðvitað tíu mínútum síðar og hélt áfram að skrolla.

Saaaambandi, ég verð að ná sambandi

„Að vera í sambandi við annað fólk er mér lífsnauðsyn," sungu Stuðmenn á sínum tíma. Ég tengi við þetta textabrot. Ég er ekki skráð á já.is út af alls konar prinsippástæðum, þannig að mikið af vinnutengdum upplýsingum kemur í gegnum tölvupósta og samfélagsmiðla. Skrunfingur eru í góðri þjálfun en notkunin snýst þó ekki um þetta samband eða samskipti nema að litlu leyti. Ég vil aðallega láta klappa (fyrir) mér. Ég hef talið mér trú um að lækfjöldi sé að hækka í mér einhver félagsfærnihlutabréf. Í raunheimi er þessu öfugt farið. Því meira sem er að gerast í símanum, þeim mun minni samskipti á ég við vini mína sem ég er fýsískt nálægt þá

stundina – sem ég var að enda við að pósta instagrammynd af og monta mig af því að eiga fallegustu og bestu vini í heimi.

Enn einn snjallfallinn

Einn þeirra fékk sér snjallsíma um daginn og kættumst við hin í hópnum þegar hann smellti inn þessu á bók bókanna: „Var að fá snjallsíma. Hvað geri ég næst? (fyrir utan að hætta að tala við vini mína þegar ég sit með þeim til borðs, obviously).“ Við hlökkuðum til að sjá fyndni hans ná nýjum hæðum með snjallsímamyndavél að vopni. Hann stendur sig með miklum sóma (hahaha – ritvinnsluforritið leiðrétti sóma í síma), nema að hann er ekki orðinn eins snjallóþolandi og við hin. Hann heldur ennþá fast í hefðina að grínast við fólkið sem hann er að hanga með þá stundina. Ég vona að hann haldi í þessa hefð sem lengst.

„Ég hef spjallað við sambýliskonu mína í tölvunni – þó að hún sé í næsta herbergi.“

Læk

Þrír samfélagsmiðla-/snjalltækjaspádómar hræða mig. Í 1984 er talað um að tungumálið sé að rýrna – og brátt skorti orð til að tjá blæbrigði. Í heimi þar sem „like“ þýðir allt frá „það besta sem ég hef á ævinni séð“ til „ég votta þér innilega samúð mína“ hringir þetta viðvörunarbjöllum. Nánast allt í LoveStar er óhugguleg lesning, sérstaklega í ljósi þess að hún er gefin út árið 2002. Í kvikmyndinni Wally, fara öll samskipti hinna almennu borgara fram með skjáforriti, þeir nenna ekki einu sinni að snúa höfðinu í átt að þeim sem situr við hliðina á þeim. Ég hef spjallað við sambýliskonu mína í tölvunni – þó að hún sé í næsta herbergi.

Tvær konur

„Ég hélt þú værir hressari í alvörunni,“ sagði maður við mig einu sinni, „þú ert nefnilega svo fyndin á feisbúkk“. Ég vissi ekki hvort þetta væri hrós til handa internet-Margréti eða diss á lifandi Margréti. Líklega bæði, því þær eru langt í frá sama manneskjan. Internet-Margrét svífur á milli danstíma og búningapartía og er mun beinni í baki og brosmildari en

hin. Hún tekur myndir í stofunni sinni og myllumerkir þær húsinu sínu. Lifandi Margrét nennir lítið að taka til heima hjá sér (nema rétt til að ryðja veginn fyrir myndatökur) og er hljóðlát innan um fólk sem hún þekkir ekki. Í slökun er andlitið alvarlegt og fær ólíklegustu menn til að segja eigandanum að brosa, sem færi internet-Margréti til að twitta um #everydaysexism.

Síbyljan

Tökum síðustu helgi sem dæmi. Á föstudagskvöld fór ég í grillpartí. Ég stóð ekki við grillið, en smellti í mynd af mér við grillið, með spaðann á lofti. Á laugardagskvöld héldum við vinirnir búningajúrópartí. Af myndunum að dæma er ég manna hressust í ofsalega fínum búning. Í alvörunni sat ég sveitt við tölvuna í partíinu á meðan á keppninni stóð, klædd, greidd og förðuð sem Silvía Nótt að passa mig að slá í gegn á internetinu kastandi myllumerkjum hingað og þangað í stað þess að kasta konfettí yfir vini mína. Upplýsingaflæðið frá hverjum og einum er líka orðið svo svakalegt. Ef afkomendur mínir fara nú að kynna sér frumkvöðulinn og langalangömmu sína Margréti Mokk finna þeir tæplega gull í síbyljunni sem ég hef sent frá mér. Ég átti í engum vandræðum með að finna frábærar myndir af og viðtöl við ömmu mína á tímarit.is – „Margrét í Bangsa velur ungu og sexí mennina“ (Pressan, 20. janúar 1994, blaðsíða B 19) er mögulega það besta sem ég hef séð. Afkomendur mínir munu helst finna statusa þar sem ég auglýsi eftir samferðafólki á KFC rétt fyrir hádegi á laugardögum og sunnudögum en munu ef til vill hoppa yfir fréttir um fyrsta og eina íslenska sirkusinn, viðtöl um stórbrotin dansnámskeið og karaokepartí – og missa algjörlega af þessu Kjaftæðisgulli hér.

Að lokum er gott að hafa í huga þegar skrollað er í gegnum filterað líf sjálfs sín og annara: Hamingjan er úr plasti ef hún er spiluð á fullu blasti.